



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Svo var bara drifið sig á ball!

**Um málbreytingar í íslensku máli og nýju þolmyndina í máli 40
reykvískra kvenna**

Ritgerð til B.A.-prófs

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

September 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Svo var bara drifið sig á ball!

**Um málbreytingar í íslensku máli og nýju þolmyndina í máli
40 reykvískra kvenna**

Ritgerð til B.A.-prófs

Auður Sif Sigurgeirsdóttir

Kt.: 130183-4929

Leiðbeinandi: Sigríður Sigurjónsdóttir

September 2009

Formáli

Íslensk tunga og málfræði hafa alltaf vakið hjá mér áhuga og ung var ég ákveðin í að fara í íslenskunám á háskólastigi. Málbreytingar hafa vakið hjá mér sérstakan áhuga í gegnum tíðina og þar af leiðandi fannst mér tilvalið að fjalla um þennan anga innan íslenskunnar í ritgerð minni til BA prófs. Ég leitaði til Sigríðar Sigurjónsdóttur málfræðings varðandi heppilegt efni og ákváðum við í sameiningu að ritgerð mín yrði um þá málbreytingu sem nefnd hefur verið *nýja þolmyndin*. Sigríður og bandaríski málfræðingurinn Joan Maling rannsökuðu málbreytinguna meðal Íslendinga árin 1999-2000 og ákváðum við að ég skyldi rannsaka tvo hópa reykvískra kvenna á mismunandi aldri og athuga hvort þær samþykktu setningar í nýrri þolmynd og þá sérstaklega nýja þolmynd með bindifornöfnum.

Mig langar að nota tækifærið og þakka Sigríði kærlega fyrir alla þá ómetanlegu aðstoð sem hún veitti mér við skrif þessarar ritgerðar en hún var ávallt boðin og búin að aðstoða mig hvenær sem á þurfti að halda. Einnig langar mig að þakka Joan Maling, Einari Frey Sigurðssyni, Hlíf Árnadóttur og Jóhannesi Gísla Jónssyni en þau komu öll að gerð setningalistans sem lagður var fyrir í rannsókn minni. Loks er þátttakendum rannsóknarinnar þakkað kærlega fyrir þann tíma sem þeir gáfu sér til að meta setningalistann.

Ágrip

Margir kannast eflaust við setningar á borð við „Það var sagt mér að það væri party“ en setningar á borð við þessa eru meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Slíkar setningar eru af setningagerð sem kölluð hefur verið nýja þolmyndin (sbr. Helga Skúla Kjartansson 1991) og er tiltölulega ný málbreyting í íslensku máli. Málbreytingar virðast hafa rutt sér til rúms í máli Íslendinga undanfarna áratugi við mismikinn fögnuð málvöndunarmanna og annarra sem láta sig varða íslenska tungu sem lítið hefur breyst í gegnum tíðina miðað við mörg önnur tungumál.

Í fyrri hluta ritgerðarinnar eru skoðaðar ýmsar breytingar sem orðið hafa á íslenskri tungu og fjallað um málpólitík í því sambandi. Í seinni hluta ritgerðarinnar verður nýja þolmyndin skoðuð. Rætt verður um kenningar sem fræðimenn hafa sett fram í tengslum við þessa málbreytingu. Loks verða niðurstöður rannsóknar, sem ég gerði á 40 fullorðnum reykvískum konum, skoðaðar með hliðsjón af niðurtöðum þeirra tveggja viðamiklu rannsókna sem gerðar hafa verið á nýju þolmyndinni hingað til. Þessar rannsóknir eru rannsókn málfræðinganna Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling sem gerð var árin 1999-2000 og rannsókn í umsjá Höskuldar Þráinssonar sem gerð var árin 2005-2007 og nefnd hefur verið „Tilbrigði í setningagerð“. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að nýja þolmyndin sé í sókn í máli Íslendinga. Hún er algengust í máli barna og unglunga en virðist þó koma æ oftar fyrir í máli fullorðinna og er þá sérstaklega samþykkt í setningum sem innihalda bindifornöfn eins og afturbeygða fornafrnið *sig*.

Niðurstöður könnunar minnar leiddu hið sama í ljós. Nýja þolmyndin er frekar samþykkt af yngri konum, sérstaklega konum fæddum 1984-1988 en eldri konum. Þær eldri, konur um fimmtugt og eldri, samþykkja aðallega setningar sem innihalda afturbeygð fornöfn. Niðurstöðurnar benda til þess að nýja þolmyndin sé að aukast í máli ungra fullorðinna kvenna.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Málbreytingar og málpólitík	3
2.1 Hvers vegna breyttist íslenskan lítið fram eftir öldum?	3
2.2 Málbreytingar í íslensku máli.	5
3. Þolmynd, nýja þolmyndin og afturbeygða fornafrnið <i>sig</i>	10
3.1 Þolmynd í íslensku	10
3.2 Skilgreining á nýju þolmyndinni	12
3.3 Fyrstu ummerki og fyrirmyndir nýju þolmyndarinnar	15
3.4 Afturbeygðu fornöfnin <i>sig</i> (<i>sjálfan sig</i>) og <i>sinn</i>	19
4. Setningagerð nýju þolmyndarinnar - Ný gerð ópersónulegrar germyndar eða þolmynd?	22
5. Rannsókn á nýju þolmyndinni í máli 40 reykvískra kvenna	25
5.1 Lýsing á rannsókn, gögnum og málhöfum	25
5.2 Niðurstöður rannsóknarinnar.	26
6. Lokaorð	38
Heimildaskrá	39

1. Inngangur

Það hefur vakið athygli fræðimanna hve lítið íslensk tunga hefur breyst í aldanna rás. Ýmsar málbreytingar hafa þó rutt sér til rúms í íslensku máli og virðast sérstaklega hafa sótt í sig veðrið undanfarna áratugi. Staðreyndin er sú að öll tungumál breytast og er íslenskan þar ekki undanskilin. Hreintungusinnar hafa reynt að sporna við sumum þessara málbreytinga með mismiklum árangri. Ein nýleg málbreyting sem er að eiga sér stað í máli Íslendinga nú um stundir er hin svokallaða nýja þolmynd.

Helgi Skúli Kjartansson (1991) fjallaði fyrstur um þessa málbreytingu og vakti athygli fræðimanna á henni. Hann kaus að kalla hana nýja þolmynd vegna þess hve mikið henni svipar formlega til þolmyndar og málhafar virðast nota hana við sömu aðstæður og hefðbundna þolmynd. Helgi taldi nýju þolmyndina algengasta meðal barna og unglinga og spáði því að hún ætti eftir að verða meira áberandi í máli Íslendinga. Síðan Helgi vakti athygli á nýju þolmyndinni hafa fræðimenn rannsakað hana og komist að því að Helgi hafði rétt fyrir sér í því að nýja þolmyndin er algengust í máli yngri málhafa. Þó virðist notkun hennar í máli fullorðinna vera að aukast. Ef til vill er ástæðan sú að nýja þolmyndin hafi verið algeng í máli þeirra á barnsaldri. Nýja þolmyndin hefur stundum verið kölluð nýja setningagerðin þar sem fræðimenn greinir á um hvort hún hafi formgerð þolmyndar eða nýrrar ópersónulegrar germyndar. Í ritgerðinni verður þó ekki tekin afstaða til þessa og notast verður við hugtakið nýja þolmyndin líkt og Helgi Skúli kaus að nota.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling (2001) gerðu viðamikla rannsókn á nýju þolmyndinni í máli unglinga og fullorðinna árin 1999-2000 og komust að því að hún væri mjög algeng í máli unglinga. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að málhafar, bæði þeir yngri og eldri, samþykktu frekar setningar í nýrri þolmynd ef þær innihéldu svokölluð bindifornöfn en eitt þeirra er afturbeygða fornafnið *sig*.

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er rannsókn sem ég gerði á 40 reykvískum konum sem fæddar eru á árunum 1946-1988. Tilgangur hennar var að skoða hvort fullorðnar konur samþykki almennt setningar í nýrri þolmynd og þá einkum setningar í nýrri þolmynd sem innihalda bindifornöfn. Sigríður og Joan settu fram þá tilgátu að málhafar ættu að samþykkja slíkar setningar þar sem bindifornafnið vísi í svokallað hulið, ótiltekið frumlag. Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Þórhallur Eypórsson (2008) töldu hinsvegar málhafa aðeins að samþykkja slíkar setningar ef bindifornafnið ætti sér einhvern undanfara í umhverfinu.

Ritgerðinni er skipt niður í kafla á eftirfarandi hátt: Í kafla 2 verður fjallað um

málbreytingar í íslensku máli og íslenska málpólítík. Í kafla 2.1 er fjallað um hugsanlegar ástæður þess að íslensk tunga hefur breyst jafn lítið og raun ber vitni og kafla 2.2 fjallar um nokkrar þeirra málbreytinga sem hafa orðið á íslenskri tungu á 19. og 20. öld. Í kafla 3 er ein þessara málbreytinga, nýja þolmyndin, skoðuð en hún er meginviðfangsefni ritgerðarinnar. Í kafla 3.1 er fjallað um hinar ýmsu gerðir þolmyndar í íslensku. Formleg einkenni nýju þolmyndarinnar eru skoðuð í kafla 3.2. Í kafla 3.3 er fjallað um fyrstu ummerki hennar í íslensku máli og ástæður þess að þessi málbreyting er svo algeng í máli barna en fræðimenn hafa tínt til ýmsar fyrirmyndir í málinu sem gætu ýtt undir notkun nýju þolmyndarinnar. Í kafla 3.4 eru afturbeygða fornafnið *sig*, samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig* og eignarfornafnið *sinn* skoðuð en eins og áður sagði sýndu rannsóknir Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling og niðurstöður verkefnisins „Tilbrigði í setningagerð“ að málhafar samþykktu setningar í nýrri þolmynd sem innihalda þessi fornöfn. Kafla 4 fjallar um kenningar fræðimanna um formgerð nýju þolmyndarinnar en fræðimenn greinir á um hana. Þeir telja hana annað hvort hafa formgerð nýrrar ópersónulegrar germyndar eða formgerð þolmyndar. Í kafla 5 verður fjallað um athugun mína á nýrri þolmynd í máli 40 reykvískra kvenna. Í kafla 5.1 er rannsókninni, gögnum og málhöfum lýst. Niðurstöðum rannsóknarinnar er gerð skil í kafla 5.2 og þær bornar saman við niðurstöður fyrri rannsókna. Kafla 6 inniheldur fáein lokaorð.

2. Málbreytingar og málpólítík

2.1 Hvers vegna breyttist íslenskan lítið fram eftir öldum?

Það er staðreynd að öll tungumál breytast þó málvöndunarmenn reyni oft hvað sem þeir geta til að sporna við málbreytingum. Breytingar á íslenskri tungu hafa orðið örari samfara þeirri miklu tækniþróun og breytingum á samfélagsháttum sem hafa átt sér stað undanfarna áratugi. Þessi öra þróun og nýjar uppfinningar kalla á ný orð og hugtök. Þótt íslensk tunga hafi ekki breyst mikið frá örófi alda hafa ýmsar málbreytingar átt sér stað. Undanfarna áratugi hafa þær verið þó nokkuð margar og eru sumar þeirra enn að ganga yfir. Reynt hefur verið að sporna við nokkrum þeirra í gegnum tíðina með mismiklum árangri. Ein þeirra málbreytinga sem hefur verið áberandi undanfarið er nýja þolmyndin sem er eins og áður sagði meginviðfangsefni þessarar ritgerðar og virðist hafa skipað sér sess í máli Íslendinga, ungra jafnt sem aldinna.

Það er álit margra fræðimanna að íslenskan sé sérstök að því leyti að hún hefur lítið breyst í aldanna rás miðað við mörg önnur tungumál. Vegna þessara litlu breytinga geta Íslendingar lesið og skilið handrit frá 12. öld. Helstu breytingarnar hafa orðið á hljóðkerfinu. Framburður málsins var allt annar í byrjun en hann er núna en þá vitneskju höfum við úr „Fyrstu málfræðiritgerðinni“ sem var líklega skrifuð á 12. öld. Ritgerðin er okkar elsta heimild um hljóðkerfi íslenskrar tungu. Hún er sérstaklega þekkt fyrir þær athugasemdir sem höfundur hennar gerði á hljóðkerfinu en hann leitaðist við að laga hið latneska stafróf að íslenska hljóðkerfinu. Áður höfðu Íslendingar notast við latneska stafrófið sem var mjög takmarkað þegar kom að því að rita íslensk hljóð þar sem sérhljóð íslenskunnar voru mun fleiri en í latínu (Kristján Árnason 2005: 40). Íslenskan varðveitir enn að miklu leyti það fornnorræna beygingarkerfi sem hún átti sameiginlegt með öðrum Norðurlandamálum eins og dönsku, sænsku og norsku. Þó að setningagerðin sjálf hafi ekki breyst mikið var hún frjálssari í forníslensku, þá sérstaklega orðaröð innan sagnliðar og reglur um afturbeygingu (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 31).

Þó ekki hafi orðið miklar breytingar á setningagerð og beygingakerfi málsins hefur orðaforði þess breyst mikið og þá sérstaklega á 19. og 20. öld þar sem sífelldar nýjungar í samfélaginu hafa kallað á aukinn orðaforða. Íslendingar eru þekktir fyrir nýyrðasmíði í stað þess að notast við erlendar slettur og þar af leiðandi hefur orðið til fjöldinn allur af nýyrðum. Ýmislegt í samfélaginu hefur áhrif á málið í heild sinni sem og málnotendur. Má þar nefna fjölmiðla, tækninýjungar eins og veraldarvefinn og sjónvarpið, erlend áhrif og fleira. Sumir

muna eflaust eftir því þegar Högni Torfason, fréttamaður á Ríkisútvarpinu, kom fyrstur fram með orðið *pota* í fréttatíma árið 1956. Áður hafði fyrirbærið verið kallað *þrýstiloftsflugvél* og ekki leið á löngu þar til Íslendingar byrjuðu að nota orðið *pota* í stað *þrýstiloftsflugvélar* sem þótti fremur stírt í munni (Halldór Halldórsson 1971: 242).

Menn hafa lengi vel velt fyrir sér ástæðum þess hvers vegna íslenskan hefur breyst jafn lítið og raun ber vitni og hafa í því sambandi nefnt ytri aðstæður landsins fyrir á öldum. Vegna þess hve lítið málið breyttist fram eftir öldum var mállýskumunur á Íslandi ekki mikill. Hugtakið *mállýska* er notað yfir ýmis kerfisbundin afbrigði sama tungumálsins. Afbrigðin eru oftast en ekki bundin við ákveðin landsvæði, aldur, skólagöngu fólks og jafnvel kyn (Fromkin, Hyams and Rodman 2006). Í íslensku koma þessi afbrigði aðallega fram í framburði, stundum í orðavali og að einhverju leyti í setningagerð. Vegna þess hve lítill mállýskumunur er á Íslandi hefur hann ekki valdið vandræðum í samskiptum fólks. Fólk veltir því eflaust fyrir sér hvers vegna svo lítill mállýskumunur sé á Íslandi þegar þó nokkurs mállýskumunar gæti í minni samfélögum eins og í Færeyjum en greinilegt er að málið hefur breyst minna hér (Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir 1996: 96).

Helgi Guðmundsson (1977) telur ástæður þess hve lítið málið hafi breyst vera að finna í ytri aðstæðum Íslendinga á árum áður. Að mati Helga er þó erfitt að finna ástæðurnar vegna skorts á heimildum frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Helgi telur norræna innflytjendur sem komu víða að hafa haft áhrif á málið en engir frumbyggjar voru í landinu fyrir sem höfðu áhrif á málið. Landfræðileg einangrun landsins og strjálbýli hafi einnig haft þau áhrif að málbreytingar áttu erfitt uppdráttar. Fábreytt atvinnulíf, það er landbúnaður og fiskveiðar, skapaði einnig ákveðna festu í málinu og þjóðfélaginu. Ákveðin stöðnun var í samfélaginu sem var eins öld eftir öld. Eftir að Alþingi var stofnað árið 930 varð landið ein stjórnarfarsleg heild sem hafði áhrif á festu málsins. Síðar varð nokkuð algengt að embættismenn töluðu dönsku og dönskuskotið mál en Danir gerðu samt sem áður lítið til að fá Íslendinga til að tala dönsku þegar þeir komust til valda á Íslandi árið 1382. Laga- og kirkjutextar voru á íslensku þrátt fyrir yfirráð Dana en lestrarkunnátta var nokkuð almenn. Síðast en ekki síst er vert að nefna hreintungustefnu Íslendinga en alls kyns erlend orð voru á árum áður tekin upp og löguð að málinu (Helgi Guðmundsson 1977: 316-324). Það hefur þó breyst undanfarna áratugi þar sem nýyrði hafa tekið við.

Ytri aðstæður Íslendinga eru þó ekki það eina sem gæti hafa haft áhrif á hve lítið málið hefur breyst. Íslendingar og íslensk stjórnvöld hafa án efa haft sín áhrif og ávallt lagt sitt af mörkum við varðveislu íslenskrar tungu. Íslensk stjórnvöld skipuðu Íslenska málnefnd sem

stofnuð var árið 1964. Hlutverk hennar er að vera helsti ráðgjafi íslenskra stjórnvalda þegar kemur að málefnum íslenskrar tungu, gera tillögur að íslenskri málstefnu ásamt því að álykta á hverju ári hver staða tungunnar er í þjóðfélaginu (Íslensk málstöð 2009). Aðalmarkmið íslenskrar málnefndar er „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“ (Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu 2008: 7). Íslensk málnefnd gaf út hefti með tillögum að íslenskri málstefnu árið 2008 sem hún kallaði *Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu*. Í heftinu eru settar fram tillögur að varðveislu og eflingu íslenskunnar varðandi allt sem snýr að íslenskri tungu hvar sem er í þjóðfélaginu; í skólum, vísindum og fræðum, í tölvuheiminum, atvinnulífinu, fjölmiðlum, listum og svo mætti lengi telja. Auk þess sem farið er yfir stöðu íslenskrar tungu innan hinna ýmsu geira þjóðfélagsins (Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu 2008).

Baldur Jónsson, Guðmundur Kristmundsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason (1988) komust vel að orði um varðveislu og eflingu íslenskrar tungu í bók sinni *Mál og samfélag*: „Varðveisla og efling eru ekki andstæður. Eðli málsins, formgerð þess og sérkenni eiga að haldast. En málið á að vaxa líkt og tré sem heldur áfram að vera sama tréð þótt það þroskist og dafni“ (1988: 53). Að þeirra mati er mikilvægt að kennarar skilji tilganginn með varðveislu og eflingu íslensks máls og geti miðlað honum til nemenda sinna (Baldur Jónsson, Guðmundur Kristmundsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason 1988: 53). Þrátt fyrir varðveislu og eflingu málsins virðist málið breytast og ýmsar málbreytingar eru komnar til að vera. Í kafla 2.2 verða skoðaðar nokkrar þeirra málbreytinga sem hafa orðið á íslenskri tungu í gegnum tíðina.

2.2 Málbreytingar í íslensku máli

Málvöndunarmenn og fleiri sem annt er um varðveislu íslenskrar tungu og rétta notkun hennar hafa stundum átt erfitt með að setta sig við þær málbreytingar sem hafa orðið og reynt að sporna við þeim. Má þar nefna sem dæmi *þágufallssýkina*, sem þrátt fyrir þó nokkra baráttu, virðist vera komin til að vera, *flámælið* sem enn leynist í framburði sumra Íslendinga og annars konar framburð sem stingur í eyru sumra. Undanfarna áratugi hafa enn fleiri málbreytingar átt sér stað og standa margar þeirra enn yfir. Nútíma aðstæður eins og þéttbýli og aukin samskipti barna hafa þau áhrif að málbreytingar eiga auðveldar uppdráttar en áður. Nýlegar málbreytingar hafa, líkt og þær eldri, vakið áhuga málfræðinga en hafa þó verið mismikið rannsakaðar. Sem dæmi um málbreytingar sem eru að eiga sér stað í nútímanum má

nefna *eignarfallsflóttu*, breytingar á notkun viðtengingarháttar og *útvíkkun dvalarhorfs*. Fleira í máli fólks hefur vakið athygli fræðimanna undanfarið. Sumir málfarar segja til dæmis *ég vill í stað ég vil* eða *hann vil í stað hann vill* (Haraldur Bernharðsson 2005), aðrir segja *tölván hjá mér í stað tölván mín* og svo mætti lengi telja. Vert er að skoða nánar nokkrar þessara málbreytinga sem hafa átt sér stað í gegnum tíðina.

Þágufallssýki, stundum einnig nefnd *aukafallssýki*, felur í sér að fólk velur frekar að nota þágufall eða þolfall í stað nefnifalls með *persónulegu* sögnunum að *hlakka* (*ég hlakka til-mig/mér hlakkar til*) og *kvíða* (*ég kvíði fyrir-mig/mér kvíðir fyrir*) og þágufall í stað þolfalls með *ópersónulegum* sögnum eins og *dreyma* (*mig dreymir-mér dreymir*) og *langa* (*mig langar-mér langar*). Helsta einkenni persónulegra sagna er að sögnin lagar sig að persónu og tölu frumlagsins sem stendur með þeim, samanber (1):

(1) Ég hlakka, þú hlakkar, hann hlakkar, við hlökkum, þið hlakkið, þeir hlakka.

Helsta einkenni ópersónulegra sagna er að þær laga sig ekki að persónu og tölu frumlagsins eins og persónulegu sagnirnar gera. Frumlag þeirra er nafnliður í aukafalli og

þá standa sagnirnar í 3. persónu, eintölu, samanber (2) (Ásta Svavarsdóttir 1982: 20-21):

(2) Mig dreymir, þig dreymir, hann dreymir, okkur dreymir, ykkur dreymir, þá dreymir.

Þegar þágufallssýki tók að breiðast út fannst málvöndunarmönnum rétt að reyna hvað sem í þeirra valdi stóð til að útrýma henni. Þeir vitnuðu í árangurinn sem náðist gegn útbreiðslu flámælis sem fjallað verður um síðar í kaflanum. Sumir höfðu þó áhyggjur af afleiðingum baráttunnar. Samhengið á milli félagslegrar stöðu fólks og þágufallssýki olli sumum áhyggjum sem töldu baráttuna geta stuðlað að stéttaskiptingu, málótta meðal almennings og hræðslu fólks við að tjá sig opinberlega (Ásta Svavarsdóttir 1982: 24-25).

Ásta Svavarsdóttir (1982) kannaði fallnotkun með ópersónulegum sögnum hjá 11 ára börnum um allt land veturinn 1980-81. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að þágufallssýki var mjög algeng meðal 11 ára barna. Ákveðin ofvöndun kom einnig fram sem fólst í því að börnin notuðu þolfall með þágufallssögnum og þá sérstaklega í 1. persónu þar sem þágufallssýki er ekki eins áberandi. Lítið var um að börnin rugluðu saman persónulegum og ópersónulegum sögnum. Einu persónulegu sagnirnar sem börnin notuðu þolfall eða þágufall með voru *hlakka* og *kvíða*. Þær eru flokkaðar sem svokallaðar *skynjunarsagnir* og hafa svipaða merkingu og ópersónulegu sagnirnar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að ákveðin tengsl virtust

vera á milli námsárangurs barnanna, félagslegra þátta og þágufallssýki (Ásta Svavarsdóttir 1982).

Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson (2003) könnuðu þágufallssýki meðal rúmlega 900 grunnskólanemenda í 6. bekk haustið 2001. Þeir komust að því að þágufallshneigð var orðin enn algengari en áður og töldu ástæðurnar vera þær að börn nú til dags verðu mun meiri tíma með jafnöldrum sínum en áður og þar af leiðandi væru aðstæður til útbreiðslu málbreytinga mun betri. Jóhannes og Þórhallur komust, líkt og Ásta Svavarsdóttir (1982), að því að tengsl voru á milli félagslegra þátta (kyns og menntunar) og niðurstaðanna. Þágufallshneigð 11 ára barna var til dæmis algengari meðal þeirra barna sem áttu móður með litla menntun. Einnig var hún algengari meðal drengja nema með sögninni *kvíða fyrir* (Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson 2003: 34-35). Af þessum rannsóknum má sjá að þrátt fyrir baráttu málvöndunarmanna gegn þágufallssýkinni virðist hún vera komin til að vera. Víkjum þá að annarri málbreytingu, flámælinu, sem reynt var að sporna gegn á sínum tíma.

Reynt var að eyða flámæli úr máli Íslendinga, ungra jafnt sem aldinna, með skipulögðum aðgerðum á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar og fá þá til að tileinka sér réttan framburð (Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir 1996: 105). Flámæli er í aðalatriðum þannig lýst að ákveðin sérhljóð verða annaðhvort *nálægari* (munnur lítið opinn og tunga nær gómi) eða *fjarlægari* (munnur meira opinn og tunga fjær gómi). Þessi hljóð voru sérhljóðin *i* og *u* sem urðu fjarlægari í framburði og *e* og *ö* sem urðu nálægari. Þeir sem höfðu þennan framburð áttu oft í erfiðleikum með stafsetningu orða og vissu ekki hvort rita ætti *e* eða *i/y* í sumum orðum eða *u* eða *ö* í öðrum. Dæmi um slík orð eru *sykur-sekur*, *skyr-sker*, *flugur-flögur* og *skutur-skötur* (Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason 1993: 188).

Flámælið var fyrst kallað *Nesjamál* eða *sunnlenska* og var brýnt fyrir fólki að slíkur framburður væri ekki ákjósanlegur. Björn Guðfinnsson gerði sitt til að sporna gegn flámæli í landinu. Hann rannsakaði framburð barna um allt land á árunum 1941-43 og komst að því að flámæli væri algengt víðar en bara á Suðurlandi (Kjartan G. Ottósson 1990: 136-137). Hann varð var við flámæli einkum á þremur stöðum: á Suðvesturlandi, á Austurlandi og í Húnavatnssýslum (Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason 1993: 188). Björn stóð fyrir námskeiðum fyrir kennara þar sem hann kenndi þeim bestu leiðirnar til að kenna krökkum réttmæli með það að leiðarljósi að sporna gegn flámælinu en kennarar áttu í mesta basli við að kenna flámæltum börnum rétta stafsetningu. Barátta Björns virðist hafa gert sitt gagn en flámæli var nánast horfið úr máli Íslendinga á seinni hluta 20. aldar (Kjartan G. Ottósson

1990: 136-137).

Annars konar framburður landsmanna hefur einnig valdið sumum málvöndunarmönnum áhyggjum. Dæmi um slíkan framburð er þegar hljóðum eins og *æ* var skipt út fyrir *a* (*nærbuxur-narbuxur*), *au* fyrir *u* (*haust-hust*) og *ö* fyrir *u* (*söluvara-suluvara*). Annað dæmi um framburðarfrávik sem stakk í eyru málvöndunarmanna var þegar aðaláhersla orða var færð af fyrsta atkvæði á atkvæðið sem á eftir kom, samanber *háskólakennari* eða *háskólakennari* (Matthías Johannessen 1985: 24-25). Einnig má nefna óskýrmæli á borð við brottfall eða veiklun öngljóða, til dæmis á eftir löngu sérhljóði, samanber *dagblað* (*g* veiklast eða fellur burt, samanber *dablað*) og brottfall eða veiklun nefhljóða þar sem nefhljóð verða ógreinileg í framburði, samanber *eins* (*n* veiklast eða fellur burt, samanber *eis*). Loks má nefna brottfall atkvæða í orðum eins og *Keflvíkingar* (*-vík* veiklast eða fellur burt, samanber *Keflingar*) (Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson 1993: 190-191).

Eins og áður sagði eru ýmsar málbreytingar að eiga sér stað í máli Íslendinga og er *eignarfallsflótti* dæmi um slíka málbreytingu. Helgi Skúli Kjartansson (1979) fjallaði um eignarfallsflótta árið 1979 og taldi að um nýja málvillu í máli landans væri að ræða. Hann leit á þessa nýju málvillu sem „*afbrigðilegt val falla*, en þó ekki *reglubundið* í máli neins manns“ (Helgi Skúli Kjartansson 1979: 90). Helgi taldi eignarfallsflótta helst finnast í óvönduðu talmáli en einnig í ritmáli og þá við sérstakar aðstæður, til dæmis í setningum þar sem fallorð væru mörg og margir setningarliðir innan sömu setningar sem ættu að standa í eignarfalli. Hættan á eignarfallsflótta ykist ef fallvaldurinn stæði á eftir orðinu eða löngu á undan því, ef hann stýrði falli á mörgum hliðstæðum orðum og loks ef grannorð stæðu í þágufalli (Helgi Skúli Kjartansson 1979: 91). Þessi dæmi um eignarfallsflótta eru tekin úr grein Helga (Helgi Skúli Kjartansson 1979:89):

(3) Hins vegar er dánartíðni vegna krabbameins í lungum, brisi og þvagblöðru, *hjarta- og æðasjúkdómum* eða *hæggengum lungnasjúkdómum* ekki verulega aukin.

(4) Ljóðið . . . er tileinkað móður hans auk *öllum hinum svarta kynstofni* Bandaríkjanna.

Í fyrra dæminu má sjá að fallvaldurinn *vegna* stendur ansi langt frá skáletruðu orðunum sem standa í þágufalli í stað eignarfalls. Í seinna dæminu má sjá að fallvaldurinn *auk* stýrir falli á fjórum hliðstæðum orðum sem virðist leiða til eignarfallsflótta, það er þágufall er notað í stað eignarfalls.

Annað dæmi um nýlega málbreytingu er notkun viðtengingarháttar nútíðar í máli fólks. Guðrún Þórðardóttir (2006) rannsakaði málbreytinguna árið 2003 en margir fræðimenn höfðu orðið varir við hana áður. Viðtengingarháttur er notaður í nútíð og þátíð við ákveðnar aðstæður og oft á eftir samtengingum á borð við *þó að*, *ef* og *hvort*. Viðtengingarháttur getur líka táknað ósk, von eða eitthvað óraunverulegt, samanber (5) og (6) og er einnig notaður í óbeinni ræðu og til að segja álit einhvers, samanber (7) og (8) (Höskuldur Þráinsson 1995: 232-233).

(5) Hafi (vh.nt.) hann þökk fyrir (= ég óska þess)

(6) Ég gæti (vh.pt.) þetta ef ég væri (vh.pt.) sterkari (= óraunverulegt)

(7) Hann segir að málfræðibókin sé (vh.nt.) skemmtileg (= óbein ræða)

(8) Hún heldur að málfræðibókin sé (vh.nt.) skemmtileg (= álit)

Guðrún rannsakaði ýmsa texta sem skrifaðir hafa verið í gegnum tíðina og athugaði sérstaklega spurnarsetningar sem hófust á tengingunni *hvort* en í slíkum setningum fannst henni algengast að fólk notaði viðtengingarhátt (*Veistu hvort hann sé veikur?*) í stað framsöguháttar (*Veistu hvort hann er veikur?*) (Guðrún Þórðardóttir 2006). Hún skoðaði meðal annars fæðingaráratugi höfundanna og bar þá saman. Niðurstöður rannsóknarinnar studdu tilgátu Guðrúnar um að viðtengingarháttur í nútíð væri í mikilli sókn. Mest var aukningin á meðal yngstu málhafanna sem voru fæddir eftir 1970 (Guðrún Þórðardóttir 2006: 73-74).

Önnur málbreyting sem er að eiga sér stað er breyting á nútíðarbeygingu sagnarinnar *vilja* sem beygist á eftirfarandi hátt í nútíð eintölu:

(9) 1. persóna - ég vil

2. persóna - þú vilt

3. persóna - hann/hún/það vill

Haraldur Bernharðsson (2005) setti fram ýmsar tilgátur varðandi eðli breytingarinnar sem ekki verður farið nánar út í hér. Í stuttu máli felur breytingin í sér að málhafar noti 3. persónu beyginguna í 1. persónu og öfugt, samanber:

(10) 1. persóna - ég vill

3. persóna - hann/hún/það vil

Haraldur taldi þessa málbreytingu vera algengasta meðal yngri málhafa líkt og algengt er með málbreytingar almennt (Haraldur Bernharðsson 2005: 63-102).

Annað dæmi um málbreytingu sem á sér stað í nútímanum er útvíkkun dvalarhorfs sem rannsókuð var í verkefni sem staðið var að árin 2005-2007. Verkefnið er kallað „Tilbrigði í setningagerð“ en málfræðingurinn Höskuldur Þráinsson var verkefnisstjóri þess. Heildarniðurstöður úr verkefninu hafa ekki enn verið birtar. Hugtakið felur í sér útvíkkaða notkun sagnasambandsins *vera að* og nafnháttar með sögnum sem áður stóðu í nútíð í máli fólks, samanber (11 b). Breytingin nær þó ekki til allra sagna. Hún nær frekar til atburðasagna (*átta sig á og ná*) en ástandssagna (*elska, mega og vilja*). Í rannsókninni samþykktu málhafar þó frekar ástandssögnina *skilja* í setningum eins og (11 a) en aðrar ástandssagnir.

(11) a) Ég er bara ekki að skilja þetta.

b) Ég skil þetta bara ekki.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu þó að málhafar samþykktu ekki allar setningar með *skilja*, til dæmis samþykkti mun lægra hlutfall setninguna í (12).

(12) Samt er ég að skilja ótrúlega góða íslensku.

Ástæða þess er sú að í setningu (11 a) vísar sögnin *skilja* í breytingu á ástandi en í setningu (12) vísar hún í ástand (Theodóra A. Torfadóttir 2008).

Önnur nýleg málbreyting sem líkt og hinar hefur verið talin algengust meðal yngri málhafa er nýja þolmyndin en eins og áður sagði hafa rannsóknir á henni sýnt að hún er mjög aleng í máli barna og unglinga (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001). Hér á eftir verður fjallað ítarlega um nýju þolmyndina, rannsóknir á henni og kenningar fræðimanna um formgerð hennar. Áður en vikið er að nýju þolmyndinni er þó nauðsynlegt að útskýra hugtakið *þolmynd* í íslensku.

3. Þolmynd, nýja þolmyndin og afturbeygða fornafrnið sig

3.1 Þolmynd í íslensku

Hlutlausasta mynd sagna í íslensku er *germynd*. Frumlag germyndar, sem er algengust myndanna, er oftast *gerandi* og andlag *þolandi*, samanber (13):

(13) Hundurinn át beinið.

Í setningu (13) er hundurinn gerandinn, það er sá sem gerir (í þessu tilviki sá sem étur) og beinið er þolandinn (í þessu tilviki það sem er étið). Sögn getur staðið í germynd í setningum eins og (14) þótt frumlag setningarinnar tákni ekki geranda merkingarlega séð heldur hefur eins konar hlutverk þolanda. Þetta getur einnig átt við sagnirnar *eiga* og *þurfa* þar sem frumlagið er þolandi, samanber (15) (Guðrún Kvaran 2005: 15 og 178):

(14) Hann fékk nýjan bíl.

(15) Hann á/þarf nýjan bíl.

Þolmynd getur verið þrenns konar; *nefnifallsþolmynd*, *aukafallsþolmynd* og *ópersónuleg þolmynd*. Í nefnifallsþolmynd hefur andlag áhrifssagnar germyndarsetningar verið gert að frumlagi í nefnifalli. Hjálparsögnin *vera* og lýsingarháttur þátíðar af aðalsögn laga sig að frumlagi nefnifallsþolmyndarsetninga í beygingu samanber (16 b/c) (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 126).

(16) a) Einhver tók **bókina**. (Germynd - þolfall)

b) **Bókin** (nefnifall) var tekin. (Nefnifallsþolmynd)

c) **Bækurnar** (nefnifall) voru teknar. (Nefnifallsþolmynd)

Af germynd er hægt að mynda þolmynd. Aukafallsþolmynd er mynduð af germyndarsetningum sem innihalda áhrifssagnir sem taka með sér andlag í aukafalli. Hjálparsögn aukafallsþolmyndarsetninga stendur alltaf í 3. persónu, eintölu og lýsingarháttur aðalsagnarinnar í hvorugkyni, eintölu og nefnifalli. Að þessu leyti er aukafallsþolmyndin frábrugðin nefnifallsþolmyndinni þar sem hjálparsögn og lýsingarháttur aðalsagnarinnar laga sig að frumlaginu. Andlagið verður að frumlagi í þolmyndarsetningunni en heldur falli sínu þrátt fyrir að hafa frumlagseinkenni (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 126-27):

(17) a) Einhver reið **hestinum** (þágufall).

b) **Hestinum** (þágufall) var riðið.

Ópersónuleg þolmynd er mynduð af *áhrifslausum sögnum*, það er sögnum sem taka ekki með sér neitt andlag og þar af leiðandi er enginn nafnliður sem getur færst í frumlagssætið. Rétt eins og í aukafallsþolmynd stendur hjálparsögnin í 3. persónu eintölu og lýsingarháttur aðalsagnarinnar í hvorugkyni, eintölu og nefnifalli (Sigríður Sigurjónsdóttir og

Joan Maling 2001: 127). Oft er *leppurinn* eða *gervifrumlagið það* notað í slíkri þolmynd en frumlög leppsetninga verða að vera *óákveðin* (það er án greinis og ekki fornafn) hvort sem setningarnar eru í þolmynd (18 a) eða germynd (18 b). Þetta skilyrði hefur verið nefnt *hamla ákveðins nafnliðar* (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 124).

(18) a) Það var **stelpu**/*stelpunni hrint í skólanum. (Þolmynd)

b) Það hafði **blómapottur**/*blómapotturinn dottið úr glugganum. (Germynd)

Einnig er hægt að færa aðra liði setningarinnar fremst í setninguna í stað þess að nota leppinn *það*, til dæmis forsetningarliði (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 126-27):

(19) a) Það var dansað **við hana**.

b) **Við hana** var dansað.

Látum þessa umfjöllun um hefðbundna þolmynd duga og snúum okkur að meginviðfangsefni ritgerðarinnar, nýju þolmyndinni.

3.2 Skilgreining á nýju þolmyndinni

Málbreytingar taka oft langan tíma og oft er erfitt að átta sig á þeim og gera grein fyrir eðli þeirra fyrir en þær eru gengnar yfir (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 31). Nýja þolmyndin er dæmi um slíka málbreytingu og sýna rannsóknir að hún er enn að breiðast út. Eins og fjallað hefur verið um er algengt að leppurinn *það* standi fremst í ópersónulegum þolmyndarsetningum eins og sjá má í (19 a) en í leppsetningum gildir sú regla að frumlagið sé óákveðið. Frumlagið sem fylgir leppnum verður að standa í nefnifalli með sögnum sem taka með sér þolfallsandlag (sögnin *skjóta* tekur til dæmis með sér þolfallsandlag, samanber *skjóta hest* (*þf.*)). Persónubeygða hjálparsögnin *vera* verður að laga sig að persónu og tölu nefnifallsfrumlagsins og lýsingarháttur aðalsagnarinnar að kyni og tölu þess, samanber nefnifallsþolmyndina í (20):

(20) Það voru (3.p.ft.) skotnir (kk.ft.) fuglar (kk.ft.nf.óákv.) á heiðinni.

Þessi atriði eiga þó ekki við nýju þolmyndina (Höskuldur Þráinsson 2005:570). Nýja þolmyndin minnir á þolmyndarsetningar eins og í (21). Setningin í (21) getur bæði verið aukafallsþolmynd með lepp eins og fjallað var um í kafla 3.1 eða nýja þolmyndin.

(21) Það var hrint litlum strák á leiðinni í skólann.

Eins og sjá má er frumlag setningarinnar óákveðið (litlum strák) en nýja þolmyndin einkennist af setningum þar sem frumlagið er ákveðið (með greini), samanber (22) en það má einnig vera óákveðið.

(22) Það var hrint litla **stráknum** (greinir) á leiðinni í skólann.

Nýja þolmyndin er einnig ólík nefnifallsþolmynd og leppsetningum að því leyti að í henni stendur nafnliður í þolfalli sem í venjulegri þolmynd stæði í nefnifalli, samanber setningarnar í (23):

- | | |
|--|---------------------------------|
| (23) a) Einhver lamdi stúlkuna/r (þf.) í klessu. | (Germynd) |
| b) Stúlkan (nf.) var lamin í klessu. | (Nefnifallsþolmynd) |
| c) Það var lamin stúlka (nf.) í klessu. | (Nefnifallsþolmynd/leppsetning) |
| d) Það voru lamdar stúlkur (nf.) í klessu. | (Nefnifallsþolmynd/leppsetning) |
| e) Það var lamið stúlkuna (þf.) í klessu. | (Nýja þolmyndin) |
| f) Það var lamið stúlkurnar (þf.) í klessu. | (Nýja þolmyndin) |
| (24) a) Einhver hrinti henni (þgf.). | (Germynd) |
| b) Henni (þgf.) var hrint. | (Aukafallsþolmynd) |
| c) Það var hrint henni. | (Nýja þolmyndin) |

Eins og sá má í setningum (23 e/f) laga hjálparsögn og lýsingarháttur aðalsagnar sig ekki að nafnlið setningarinnar eins og raunin er í (23 b/c/d) vegna þess að nafnliðurinn í (23 e/f) heldur falli sínu úr germyndarsetningunni (23 a). Það sama gildir um setningu (24 c). Hjálparsögnin stendur í 3. persónu eintölu og lýsingarháttur aðalsagnarinnar í hvorugkyni, eintölu og nefnifalli rétt eins og í ópersónulegri þolmynd sem og aukafallsþolmynd (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 128-29). Af þessu má sjá að nýja þolmyndin er ólík venjulegum þolmyndarsetningum með leppnum *það* á tvennan hátt. Í fyrsta lagi vegna þess að frumlagið getur verið ákveðið eins og sjá má í (23 e/f) og í öðru lagi vegna þess að frumlagið heldur falli sínu í þolmynd ef aðalsögn germyndarinnar tekur með sér þolfallsandlag. Í venjulegum þolmyndarsetningum með lepp myndi þetta þolfallsandlag breytast í nefnifallsfrumlag samanber (23 a/c).

Niðurstöður rannsóknar Sigríðar og Joan (2001) leiddu í ljós að almennt var algengara að málhafar leyfðu setningar í nýrri þolmynd með andlagi í þágufalli, samanber (24 c) en andlagi í þolfalli, samanber (23 e/f) (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 136). Þær telja þennan mun stafa af því að með sögnum sem stýra þágufalli er ákveðni nafnliðarins það eina sem greinir nýju setningagerðina frá venjulegri leppþolmynd, samanber setningar (25 a/b). Í setningu (25 a) er feitletraði nafnliðurinn óákveðinn og þar af leiðandi getur hún annað hvort verið dæmi um hefðbundna leppþolmynd eða nýju þolmyndina. Í (25 b) er feitletraði nafnliðurinn ákveðinn og þar af leiðandi ekki um annað en nýju þolmyndina að ræða (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 139).

- (25) a) Það var sagt **litlu barni** að
gæta sín á bílunum. (Hefðbundin leppþolmynd)
- b) Það var sagt litla **barninu/mér**
að gæta sín á bílunum. (Nýja þolmyndin)

Fleira greinir nýju þolmyndina frá venjulegri þolmynd í setningum sem innihalda sagnir sem stýra þolfalli. Þar er ekki aðeins um að ræða ákveðni nafnliðarins líkt og með þágufallssögnum heldur einnig fall hans og þá staðreynd að aðalsögn og lýsingarháttur þátíðar samræmist honum ekki. Þar af leiðandi getur setning (26 a) aðeins verið nýja þolmyndin þar sem nafnliðurinn stendur í þolfalli og ekkert samræmi er á milli aðalsagnar og lýsingarháttar þátíðar jafnvel þótt feitletraði nafnliðurinn sé óákveðinn. Það sama gildir um setningu (26 b) þar sem nafnliðurinn er ákveðinn. Setning (26 c) er dæmi um hefðbundna leppþolmynd með óákveðinn nafnlið í nefnifalli. (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 139).

- (26) a) Það var beðið **lítinn strákk** (þf.)
að gæta sín á bílunum. (Nýja þolmyndin)
- b) Það var beðið **litla strákin/mig** (þf.)
að gæta sín á bílunum. (Nýja þolmyndin)
- c) Það var **lítill strákur** beðinn
að gæta sín á bílunum. (Hefðbundin leppþolmynd)

Af þessum ástæðum telja þær Sigríður og Joan (2001: 140) nýju þolmyndina minna áberandi með þágufallssögnum en þolfallssögnum. Þórhallur Eypórsson (2008) heldur hinu sama fram og telur uppruna nýju þolmyndarinnar vera að finna í slíkum setningum. Eins og

áður hefur komið fram er nýja þolmyndin málbreyting sem enn á sér stað í máli Íslendinga en hvenær varð þessarar málbreytingar fyrst vart?

3.3 Fyrstu ummerki og fyrirmyndir nýju þolmyndarinnar

Málfræðingurinn Helgi Skúli Kjartansson (1991) kom fyrstur auga á nýju þolmyndina meðal barna og unglunga á 9. áratug síðustu aldar og vakti athygli annarra málfræðinga með umfjöllun sinni og skýringum á henni árið 1991. Helgi taldi það algengast að nýja þolmyndin væri mynduð af sögnum sem stýra þágufalli, samanber sögnina *gefa*:

(27) a) Guðmundi (þgf.) var gefinn hundur. (Þolmynd)

b) Það var gefið Guðmundi (þgf.) hund. (Nýja þolmyndin)

Að mati Helga felur nýja þolmyndin það í sér að fólk notar leppinn eða gervifrumlagið *það* í stað aukafallsfrumlags sem sé ákveðin einföldun á málkerfinu þegar kemur að þolmynd. Hún er þá alltaf mynduð á sama hátt með leppnum *það* og ópersónulegri sögn samanber (28 c) en ekki persónulegri sögn eins og í setningum (28 b) eða aukafallsfrumlagi eins og í setningu (29 b) (Helgi Skúli Kjartansson 1991:19).

(28) a) Einhver lamdi hund. (Germynd)

b) Hundurinn var laminn. (Þolmynd)

c) Það var lamið hundinn. (Nýja þolmyndin)

(29) a) Einhver greiðir Ágústu. (Germynd)

b) Ágústu var greitt. (Þolmynd)

Helgi líkt og aðrir fræðimenn hefur í gegnum tíðina velt því fyrir sér hvers vegna þessi nýja setningagerð sé svo algeng í máli barna og hvaða fyrirmyndir í málinu ýti undir notkun hennar.

Eins og áður hefur komið fram taldi Helgi Skúli nýju þolmyndina algengasta á meðal barna og unglunga og sýndi rannsókn Sigríðar og Joan (2001) fram á það sama. Hvers vegna er raunin sú? Sumir málkunnáttufræðingar telja að nýja þolmyndin verði að vera möguleg formgerð í málinu til að börn geti mistúlkað aðrar setningagerðir sem nýju þolmyndina. (Höskuldur Þráinsson 2005:570-71). Aðrir telja ýmsar fyrirmyndir í málinu geta ýtt undir notkun nýju þolmyndarinnar. Vert er að líta á kenningar nokkurra þeirra fræðimanna sem

mest hafa skoðað nýju þolmyndina.

Helgi Skúli (1991) telur líklegar fyrirmyndir nýju þolmyndarinnar vera að finna í máli fullorðinna. Slíkar fyrirmyndir séu sagnir sem taka alltaf með sér sama andlagið. Þar má nefna sagnir sem taka með sér afturbeygt fornafn sem andlag samanber *teygja sig, skemmta sér og skammast sín*. Þolmynd slíkra sagna væri:

(30) Það var skemmt sér í veislunni.

Helgi telur enn fremur föst orðasambönd eins og *knýja dyra* hafa áhrif á notkun nýju þolmyndarinnar. Ekki sé hægt að mynda venjulega þolmynd af germyndarsetningunni í (31 a) en það sé hins vegar hægt með leppnum *það* samanber (31 c).

(31) a) Einhver knúði dyra. (Germynd)

b) *Dyranna var knúð. (Þolmynd)

c) Það var knúð dyra. (Þolmynd)

Orðasambönd í málinu eins og *leita leiða* hafa sömu áhrif að mati Helga. Leppsetningin í (32 a) er mun eðlilegri en hin hefðbundna þolmynd í (32 b).

(32) a) Það verður leitað leiða til að afstýra þjóðargjaldþroti eftir bankahrunið.

b) Leiða verður leitað til að afstýra þjóðargjaldþroti eftir bankahrunið.

Sögnin *leita* stendur hins vegar alltaf í orðasamböndum og þegar hún er ekki hluti af orðasambandi er eðlilegt að nota hefðbundna þolmynd með henni, samanber (33):

(33) Hermannsins var leitað úr lofti.

Orðasambönd eru oftast en ekki notuð í leppþolmynd. Nýja þolmyndin er ákveðin útvíkkun á þessu þar sem andlag germyndar færast ekki í frumlagssætið. Þar af leiðandi er hún ef til vill túlkuð sem orðasamband. Það sama gildir um samband sagna og forsetningaliða. Í þolmyndarsetningunni í (34) mynda sögnin *leika* og forsetningarliðurinn *á hljóðfæri*, ákveðið orðasamband.

(34) Það var leikið á hljóðfæri. (Leppþolmynd)

Að mati Helga má sjá af þessu dæmi að hin nýja þolmynd sé í rauninni einfölduð þolmyndaraðferð sem er algeng í máli fullorðinna.

Sú fyrirmynd sem hefur hvað mest áhrif að mati Helga er hin „sjálfsgöða þolmynd“, það er þolmynd með andlagslausri sögn og forsetningarlið á borð við setninguna í (35). Slík þolmynd verði til þess að börn og unglingar myndi nýja þolmynd eins og setninguna í (36) (Helgi Skúli Kjartansson 1991: 20-21).

(35) Það var ýtt á mig. (Leppþolmynd)

(36) Það var hrint mér. (Nýja þolmyndin)

Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling (2001) telja fyrirmyndir nýju þolmyndarinnar vera ópersónulegar þolmyndarsetningar á borð við (37) þar sem gerandinn er túlkaður sem maður.

(37) Það var flautað.

Tilgáta Joan Maling (1993) er sú að í öllum germönskum málum verði gerandi slíkra setninga að vera túlkaður sem maður. Það sama gildi um venjulegar þolmyndarsetningar í íslensku, samanber setninguna í (38 a) þar sem gerandinn getur ekki verið eldur því þá væri setning (38 b) eðlilegri.

(38) a) Húsið var eyðilaggt (*af eldi)

b) Húsið eyðilagðist í eldi.

Þetta á hins vegar ekki við um þolmyndarsetningar í öðrum germönskum málum, það er að gerandi sé túlkaður sem manneskja. Til dæmis væri hægt að segja á sænsku:

(39) Huset förstördes av elden.

Í sænsku getur gerandinn því verið manneskja eða náttúruafli. Í íslensku verður gerandinn hins vegar að vera maður og þar af leiðandi er líklegra að gerandi sem ekki kemur fram í setningu eins og (37) sé túlkaður sem hulið fornafn í frumlagssæti. Slíkar setningar geta því bæði haft formgerð þolmyndar: *Það [ekkert frumlag] var flautað* og germyndar: *Það [hulið frumlag] var flautað*. Niðurstöður Sigríðar og Joan (2001) bentu til þess að sumir fullorðnir málhafar túlkuðu setninguna sem þolmynd en aðrir sem germynd. Tveimur setningagerðum í viðbót svipar til ópersónulegrar þolmyndar, það eru setningar á borð við (40 a og b) sem innihalda stýrisagnir (*reyna, lofa*), samanber (40 a) og setningar með hjálparsögnum sem sýna horf (*vera, fara*), samanber (40 b).

(40) a) Það var reynt að moka snjóinn

b) Það var verið að moka snjóinn.

Slíkar setningar eru algengar í daglegu máli og þar af leiðandi líklegar sem fyrirmyndir að nýju þolmyndinni (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 170-172).

Málfræðingurinn Höskuldur Þráinsson (2005) telur, líkt og Helgi, Sigríður og Joan, að ýmsar setningagerðir í málinu geti ruglað börn í ríminu og ýtt undir notkun þeirra á nýju þolmyndinni. Slíkar fyrirmyndir eru til dæmis ópersónuleg þolmynd þeirra sagna sem taka með sér forsetningarlið sem fyllilið samanber setninguna í (41 a). Í (41 a) er persónubeygða sögnin *vera* í 3. persónu eintölu, lýsingarháttur sagnarinnar *ljúka* í hvorugkyni eintölu og nafnliður í þolfalli með forsetningunni *við*. Sögnin *klára* hefur svipaða merkingu og sögnin *ljúka* og er hægt að nota hana í setningum eins og (41 b) þar sem nýja þolmyndin kemur við sögu. Þessar setningar eru ekki ósvipaðar að gerð og gætu þess vegna ruglað einhver börn í ríminu að mati Höskuldar.

(41) a) Það var lokið við þessa smíði. (Ópersónuleg þolmynd)

b) Það var klárað þessa smíði. (Nýja þolmyndin)

Nýja þolmyndin og venjuleg þolmynd með leppfrumlagi geta fallið saman í setningum með sögnum sem taka með sér þágufalls- eða eignarfallsandlag í germynd. Eini munurinn er ákveðni nafnliða setninganna, samanber:

(42) a) Það var hjálpað eitthverju fólki (óákveðið frumlag). (Leppþolmynd/nýja þolmyndin)

b) Það var hjálpað þessu fólki (ákveðið frumlag). (Nýja þolmyndin)

Setning (42 a) getur bæði talist til venjulegrar leppþolmyndar og nýju þolmyndarinnar. Setningin í (42 b) er í nýrri þolmynd og í henni er vikið frá reglunni um óákveðni nafnliða í leppsetningum (sbr. Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 130-131). Setningar á borð við (43 a) gætu ýtt undir það að fólk sætti sig við setningar í nýrri þolmynd eins og (42 b). Í slíkum setningum er ekki hægt að sjá hvort nafnliðurinn er í nefnifalli eða þolfalli.

(43) a) Það er búið vatnið (nf./þf.).

b) Það var klárað vatnið (nf./þf.).

Önnur svipuð dæmi gætu verið fyrirmyndir að nýju þolmyndinni í málinu og ýtt undir notkun barna á henni. Dæmi um slíka setningu er (44) þar sem líkt og í (43 a/b) er erfitt að segja til um hvort frumlagið sé nefnifall eða þolfall. Í slíkum setningum eiga börn þar af leiðandi erfitt með að skynja um hvort fallið sé að ræða (Höskuldur Þráinsson 2005:570-71).

(44) Það var skotið eitthvert lamb í sveitinni í sumar.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling (2001) rannsökuðu árin 1999-2000 útbreiðslu nýju þolmyndarinnar meðal 1731 nemenda í 10. bekk um allt land. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu eins og áður kom fram að nýja þolmyndin er algeng í máli ungs fólks. Félaglegir þættir eins og skólaganga foreldra vógu nokkuð þungt í niðurstöðum rannsóknarinnar en ekki var mikill munur milli pilta og stúlkna (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 124-125). Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu enn fremur í ljós að málhafar, sérstaklega fullorðnir málhafar, samþykktu frekar setningar í nýrri þolmynd ef þær innihéldu svokölluð bindifornöfn. Niðurstöður rannsóknarinnar verða skoðaðar nánar í kafla 5 og bornar saman við niðurstöður könnunar minnar. Fyrst tel ég þó nauðsynlegt að útskýra hugtakið bindifornafn sem er hugtak yfir afturbeygð fornöfn, afturbeygð eignarfornöfn og gagnverkandi fornöfn þó ekki verði fjallað um þau síðastnefndu.

3.4 Afturbeygðu fornöfnin *sig* (*sjálfan sig*) og *sinn*

Afturbeygð fornöfn í íslensku eru tvö; fornöfnin *sig* og *sinn*. Sérkenni þeirra eru frekar setningar- og merkingarleg heldur en beygingarleg og þess vegna á lýsingarorðið *afturbeygt* ekki endilega best við þau (Höskuldur Þráinsson 1995: 214-15). Höskuldur Þráinsson telur heppilegra að kalla þau *afturvísandi* þar sem þau vísa til frumlags setningarinnar. Afturbeygða fornafnið *sig* er stundum kallað afturbeygt persónufornafn og beygist á eftirfarandi hátt:

(45) Þf. sig

Þgf. sér

Ef. sín

Sig er notað sem andlag með sögn ef andlagið vísar til þess sama og frumlagið, samanber (46 a) en ekki er hægt að nota persónufornafn í sömu merkingu, samanber (46 b)

(46) a) **Kisan** sleikti **sig**.

b) Kisan sleikti hana.

Í setningu (46 a) má glögglega sjá að afturbeygða fornafnið *sig* vísar til frumlagsins, það er *kisunnar* en í setningu (46 b) vísar persónufornafnið *hún* til einhverrar kvenkynspersónu eða hlutar sem nefnd hafa verið fyrir í samtali eða í undanfarandi setningum.

Höskuldur kýs að kalla fornafnið *sinn* afturbeygt eignarfornafn. Það beygist á eftirfarandi hátt í eintölu og fleirtölu (samanber Þórunni Blöndal 1997):

(47)	Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
Nf.	sinn/sínir	sín/sínar	sitt/sín
Þf.	sinn/sína	sína/sínar	sitt/sín
Þgf.	sínum/sínum	sinni/sínum	sínu/sínum
Ef.	síns/sinna	sinnar/sinna	síns/sinna

Sinn er notað þegar fornafn sem táknar eign stendur með andlagi og frumlagið er eigandinn.

Dæmi:

(48) a) Kisan sleikti rófunu sína.

b) Kisan sleikti rófunu hennar.

Í dæmi (48 a) tilheyrir andlagið *rófan* frumlaginu/eigandanum en í (48 b) tilheyrir það einhverri annarri kvenkynspersónu (Höskuldur Þráinsson 1995: 215).

Höskuldur telur mun hlutverka persónufornafna og afturbeygðra fornafna innan setninga vera eftirfarandi:

(49)

a. Persónufornöfn geta ekki vísað til frumlags þeirrar (smæstu) setningar sem þau eru í en þau geta vísað til andlags sagnar og andlags forsetningar í þeirri setningu.

b. Afturbeygð fornöfn geta vísað til frumlags þeirrar setningar sem þau eru í og einnig til andlags sagnar (í máli margra a.m.k.) en ekki til andlags forsetningar.

c. Persónufornöfn geta vísað út fyrir þá setningu sem þau eru í.

d. Afturbeygð fornöfn geta vísað út úr sumum aukasetningum en öðrum ekki.

e. Persónufornöfn geta vísað út úr textanum (haft *bendivísun*) en afturbeygd fornöfn geta það ekki (Höskuldur Þráinsson 2005: 523).

Bendivísun (49 e) er hugtak sem notað er þegar persónufornafn vísar til einhvers sem kemur ekki fram í texta eða samræðum en aðilarnir sem taka þátt í samræðunum vita allir til hvers fornafnið vísar. Eftirfarandi aðstæður eru dæmi um það þegar persónufornafn hefur *bendivísun*:

(50) Tveir aðilar verða vitni að því að lögregluþjónn stöðvar bifreið þar sem ökumaður er ölvaður. Annar þeirra segir við hinn án þess að lögregluþjónninn og ökumaðurinn hafi komið til tals:

Mikið rosalega er hann harðhentur við hann!

Þarna vísar persónufornafnið *hann* í hlutverki frumlags til lögregluþjónsins en forsetningarandlagið *hann* til ökumannsins (Höskuldur Þráinsson 2005: 517).

Afturbeygða fornafnið *sig* er líka til samsett, það er samsetta afturbeygða fornafnið *sjálfan sig*. Valið milli notkunar á *sig* og *sjálfan sig* fer algjörlega eftir sögn setningarinnar. Sumar sagnir, svokallaðar *skyldubundið afturbeygðar sagnir*, krefjast þess að frumlag og andlag vísi til sama aðila og í setningum sem innihalda slíkar sagnir er *sig* notað. Dæmi um slíkar sagnir eru *misstíga sig*, *flýta sér* og *skammast sín*, samanber (51):

(51) Hún missteig sig/*sjálfa sig.

Sumar sagnir gefa möguleikann á því að frumlag og andlag vísi til sama aðila eða ekki. Slíkar sagnir eru til dæmis *raka*, *þvo*, *klæða* og *greiða*. Með þessum sögnum er *sig* oftast notað en *sjálfan sig* frekar til áherslu. Dæmi:

(52) Maðurinn rakaði sig/SJÁLFAN SIG (*en ekki Guðmund*)

Með sögnum, sem taka með sér frumlag og andlag sem eru yfirleitt ekki sami aðili, er *sjálfan sig* notað. Dæmi um slíkar sagnir eru *lesa*, *lækna*, *gefa* og *elska* (Höskuldur Þráinsson 2005: 533). Dæmi:

(53) Hún les mikið fyrir *sig/sjálfa sig.

nýju þolmyndinni er það að í þeim er notað svipað hjálparsagnasamband þó aðalsögnin taki með sér andlag líkt og í germynd (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 148-149). Nýja þolmyndin er þó ólík hefðbundinni þolmynd og germyndarsetningum með lepp að því leyti að hún brýtur hömlu ákveðins nafnliðar. Hamla ákveðins nafnliðar felur í sér eins og fjallað var um í kafla 3.1 að frumlag leppsetningar á að vera óákveðið en ekki ákveðið hvort sem um er að ræða germynd eða þolmynd. Þar af leiðandi ættu setningar í nýrri þolmynd ekki að geta gengið ef þær hafa formgerð þolmyndar þar sem nafnliðir þeirra eru þá frumlög sem geta verið ákveðin og þar af leiðandi er reglan um hömlu ákveðins nafnliðar brotin. Niðurstöður rannsóknar þeirra Sigríðar og Joan sýndu að málhafar samþykkja ákveðin frumlög í nýrri þolmynd, samanber (55 a) en ekki í leppsetningum á borð við (55 b/c):

(55) a) Það var saknað kennarans.

b) *Það voru seldir bílarnir.

c) *Það hafa loksins flutt strákarnir inn í húsið.

Að mati þeirra benda þessar niðurstöður til þess að hamla ákveðins nafnliðar sé í fullu gildi í máli ungs fólks þó það samþykki setningar í nýju þolmyndinni (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 130-31).

Þar sem fólk sem leyfir setningar í nýrri þolmynd samþykkir ekki að hamla ákveðins nafnliðar sé brotin í öðrum setningagerðum leiða Sigríður og Joan rök að því að hún beri einkenni germyndar fremur en þolmyndar. Þær telja nýju þolmyndina hafa venjuleg fallstjórnareinkenni germyndar, það er feitletraði nafnliðurinn í (56 a) er þá andlag og þess vegna hefur hamla ákveðins nafnliðar ekki áhrif þar sem hún á aðeins við um frumlög. Gert er ráð fyrir eins konar huldu fornafni í frumlagssæti sem þarf að tákna manneskju. Setningar í nýrri þolmyndi hafa þar af leiðandi svipaða merkingu og germyndarsetningar eins og (56 b) með frumlögunum *einhver* og *maður*, það er frumlagið vísar til einhvers ókunnugs.

(56) a) Það var lamið **hundinn**. (Nýja setningagerðin)

b) Einhver lamdi hundinn. (Germynd)

c) Hundurinn var laminn (af einhverjum). (Þolmynd)

Að mati Sigríðar og Joan ætti gerandi ekki að geta komið fyrir í forsetningarlið í nýrri þolmynd þar sem merkingarhlutverki hans hefur verið úthlutað til ótiltekna hulda fornafnsins í

frumlagssætinu. Áhrifssagnir eins og *lemja* úthluta yfirleitt tveimur merkingarhlutverkum; geranda til frumlags og þolanda til andlags. Í þolmynd flyst merkingarhlutverk þolanda með andlaginu í frumlagssætið. Merkingarhlutverk geranda kemur yfirleitt ekki fram í þolmynd en getur samt sem áður staðið í forsetningarlið samanber (*af einhverjum*) í setningu (56 c) (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001:147).

Samkvæmt formgerðinni í (54 a) er frumlagið hulið með ótiltekna eða almenna tilvísun. Slík frumlög eru talin koma fram í nafnháttaraukasetningum eins og þessum:

(57) a) Það er gaman að spila.

b) Það var ekki fallett að lemja hundinn í klessu.

Í setningu (57 a) hefur ótiltekna eða hulda fornafnið almenna tilvísun, það er að *það sé gaman fyrir hvern sem er að spila*. Hulda fornafnið getur einnig haft sömu merkingu og óákveðna fornafnið *einhver* eins og sjá má í setningu (57 b) sem merkir að *einhver hafi lamið hundinn í klessu og það var ekki fallett*. Hulda fornafnið getur þá haft hlutverk geranda þó hann sé ótilgetinn. Ef formgerðin er sú sama og í germynd er eðlilegt að andlagið standi í þolfalli þar sem andlög með sögnum eins og *lemja* standa í þolfalli.

Eins og áður kom fram telja Sigríður og Joan (2001: 151) tvær formgerðir geta komið til greina fyrir nýju þolmyndina. Fyrri tilgátunni (54 a), hefur verið gerð skil en sú seinni sem Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Þórhallur Eypórsson (2008) aðhyllast, er sú að nýja þolmyndin hafi formgerð venjulegrar þolmyndar án nafnliðarfærslu í frumlagssætið, samanber (54 b). Frumlagssætið er þar af leiðandi tómt þar sem engin nafnliðarfærsla hefur átt sér stað og hefur þar af leiðandi ekkert merkingarhlutverk. Frumlagið eða nafnliðurinn *hundinn* í setningu (56 a) stendur í þolfalli en ekki nefnifalli eins og í venjulegum þolmyndarsetningum. Þar af leiðandi laga hjálparsögnin og lýsingarhátturinn sig ekki að honum. Ef nýja þolmyndin er nýtt afbrigði þolmyndar er nafnliðurinn í (56 a) frumlag. Í slíkri formgerð er þó hamla ákveðins nafnliðar brotin þar sem hún kveður aðeins á um frumlög og óákveðni þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 148). Þórhallur Eypórsson (2008) gerir þó ráð fyrir því að nafnliður nýju þolmyndarinnar sé andlag en ekki frumlag þó um formgerð þolmyndar sé að ræða.

Að mati Sigríðar og Joan felst munur germyndar og þolmyndar ekki endilega í merkingunni sjálfri heldur frekar í formgerð setninganna, það er hvort frumlagið fái merkingarhlutverk eins og í germynd eða ekki líkt og í þolmynd (Sigríður Sigurjónsdóttir og

Joan Maling 2001: 151). Þær settu fram fjögur atriði (58) sem ættu að eiga við um nýju þolmyndina ef kenning þeirra stæðist og könnuðu þessi atriði í rannsókn sinni.

- (58) a) Gerandi ætti ekki að geta komið fyrir í forsetningarlið því þegar er búið að úthluta merkingarhlutverki geranda til ótiltekna fornafnsins í frumlagssæti.
- b) Bindifornöfn (afturbeygð fornöfn, gangverkandi fornöfn og afturbeygð eignarfornöfn) ættu að geta vísað í ótiltekna fornafnið í frumlagssæti.
- c) Ýmsir liðir sem verða að vísa til frumlags setningar ættu að geta vísað til ótiltekna fornafnsins.
- d) Í setningagerðinni ættu allar sagnir sem taka með sér frumlag sem tákna manneskju að geta komið fyrir en ekki bara þær sagnir sem uppfylla merkingarhlutverk þolmyndar (þolmynd gengur yfirleitt best þegar um er að ræða sagnir sem taka með sér gerandafrumlag í germynd) (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 151).

Niðurstöður rannsóknar þeirra voru ekki ótvíráðar en leiddu í ljós að liðir (a) og (b) í (58) virtust eiga við rök að styðjast. Þórhallur Eyþórsson (2008) og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) hafa þó bent á að gerandi er almennt ekki nefndur í forsetningarlið í hefðbundnum leppþolmyndarsetningum í íslensku. Þeir gagnrýndu einnig prófsetningar í rannsókn þeirra sem ætlað var að prófa bindifornöfn í nýju þolmyndinni en nánar verður fjallað um gagnrýni þetta í kafla 5. Vegna þessarar gagnrýni fengu Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling mig til að leggja setningalista fyrir fullorðnar konur í Reykjavík og fá þær til að meta ýmsar setningar. Ætlunin var að reyna að varpa einhverju ljósi á það hvort bindifornöfn sem eru sjálfstæðir nafnliðir séu samþykkt í nýrri þolmynd og þar með hvort tilgáta þeirra í (58 b) eigi við rök að styðjast.

5. Rannsókn á nýju þolmyndinni í máli 40 reykvískra kvenna

5.1 Lýsing á rannsókn, gögnum og málhöfum

Könnun mín á nýju þolmyndinni var lögð fyrir 40 reykvískar konur í tveimur aldurshópum. Í yngri hópnum voru konur fæddar 1972-1988 og í þeim eldri konur fæddar 1946-1960. Mér fannst mikilvægt að hóparnir væru svipaðir hvað menntun varðar til að niðurstöðurnar væru sambærilegar. Konurnar höfðu grunnskólamenntun, framhaldsskóla-eða aðra sambærilega menntun og loks háskólamenntun. Erfitt var að finna konur innan yngri hópsins sem aðeins höfðu grunnskólamenntun og þar af leiðandi voru fleiri í yngri hópnum með

framhaldsskólamenntun en í þeim eldri. Allir þátttakendur rannsóknarinnar höfðu búið á höfuðborgarsvæðinu mest alla ævi. Ég lagði könnunina til dæmis fyrir á leikskóla og í verslunarmiðstöðinni Kringlunni, þar sem ég fann fjölbreyttan hóp kvenna með fjölbreytta menntun.

Þátttakendur voru beðnir um að meta 47 setningar sem ýmist höfðu formgerð nýju þolmyndarinnar, hefðbundinnar þolmyndar eða leppþolmyndar eða voru augljóslega tækar eða ótækar setningar. Þeir voru beðnir um að meta setningarnar og merkja annað hvort við **já** = svona getur maður sagt eða **nei** = svona getur maður ekki sagt! Ég gerði þeim grein fyrir því í upphafi könnunarinnar að þær ættu að dæma setningarnar út frá sinni eigin málkennd. Sigríður Sigurjónsdóttir setti listann saman með hjálp frá Joan Maling. Þær fengu síðan athugasemdir við hann frá Jóhannesi Gísla Jónssyni, Einari Frey Sigurðarsyni og Hlíf Árnadóttur. Einkum var lögð áhersla á að kanna setningar í nýrri þolmynd með bindifornöfnum en eins og rætt var um í inngangi að ritgerðinni var algengara að slíkar setningar væru samþykktar en hefðbundnar setningar í nýrri þolmynd.

5.2 Niðurstöður rannsóknarinnar

Stærsta og veigamesta rannsóknin á nýju þolmyndinni hingað til er rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling (2001) sem lögð var fyrir veturinn 1999-2000. Í þeirri rannsókn var 1731 nemandi í 10. bekk grunnskóla um allt land auk 200 fullorðinna kannaðir. Önnur rannsókn á nýju þolmyndinni er verkefni sem ber heitið „Tilbrigði í setningagerð“ en vísað verður til þess sem „Tilbrigðaverkefni“ héðan í frá. Höskuldur Þráinsson (2005-2007) var verkefnisstjóri þess en í því voru ýmis tilbrigði í setningagerð könnuð, þar á meðal nýja þolmyndin. Könnunin náði til hátt í 900 einstaklinga um allt land.

Þátttakendur rannsóknar þeirra Sigríðar og Joan voru unglingar í 10. bekk grunnskóla sem og fullorðnir einstaklingar á ýmsum aldri. Þátttakendur komu víðsvegar af landinu en í töflunum í þessum kafla verða birtar niðurstöður frá unglingum með búsetu í Reykjavík, vestan Elliðaáa og norðan Fossvogs og niðurstöður frá fullorðnu málhöfunum. Niðurstöður þátttakenda utan af landi og þátttakenda í úthverfum Reykjavíkur voru aðrar í rannsókn Sigríðar og Joan en unglinga á Reykjavíkursvæðinu. Þeir voru tvisvar sinnum líklegri til að samþykkja setningar í nýrri þolmynd en unglingar í Reykjavík sem ganga í skóla vestan Elliðaáa og norðan Fossvogs. Ástæða þess að niðurstöður fyrrnefnda hópsins eru birtar en ekki hinna er sú að þátttakendur rannsóknar minnar eru allir með búsetu í Reykjavík og þess vegna fannst mér eðlilegt að leggja aðaláherslu á niðurstöður frá reykvísku unglíngunum í

rannsókn Sigríðar og Joan til samanburðar. Rétt er að hafa í huga að yngstu konurnar sem tóku þátt í könnun minni eru á svipuðum aldri og unglíngarnir sem Sigríður og Joan prófuðu á árunum 1999-2000 eru nú. Þátttakendur Tilbrigðaverkefnisins voru unglíngar í 9. bekk grunnskóla um allt land og fullorðnir á aldrinum 20-70 ára. Niðurstöður þessara rannsókna verða bornar saman við niðurstöður athugunar minnar hér á eftir. Rétt er þó að útskýra það sem kemur fram í niðurstöðutöflum:

(59)

a) JM/SS = Niðurstöður könnunar Joan Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur.

Fyrri talan í þessum lið sýnir hve hátt hlutfall 16 ára unglínga með búsetu í Reykjavík-vestan Elliðaáa og norðan Fossvogs samþykkti viðkomandi setningu.

Seinni talan sýnir sambærilega niðurstöðu fyrir fullorðna þátttakendur.

b) Tilbr.v. = Tilbrigðaverkefni

Fyrri talan í þessum lið sýnir hve hátt hlutfall þátttakenda úr 9. bekk samþykkti viðkomandi setningu.

Seinni talar sýnir sambærilega niðurstöðu fyrir fullorðna þátttakendur á aldrinum 20-70 ára.

c) ASS = Niðurstöður könnunar Auðar Sifjar Sigurgeirsdóttur.

Fyrri talan í þessum lið sýnir hve hátt hlutfall kvenna fæddra árin 1972-1988 samþykkir viðkomandi setningu.

Seinni talan sýnir sambærilega niðurstöðu kvenna fæddra árin 1946-1960.

Niðurstöður rannsókna Sigríðar og Joan (2001) sýndu að almennt var algengara að málfarar samþykktu setningar í nýrri þolmynd með andlagi í þágufalli en andlagi í þolfalli. Í töflu 1 má sjá setningar í nýrri þolmynd sem prófaðar voru í rannsókn minni. Setning (a) inniheldur sögn sem stýrir þolfalli og setningar (b) og (c) sagnir sem stýra þágufalli. Til samanburðar má sjá niðurstöður rannsókna Sigríðar og Joan og Tilbrigðaverkefnisins. X merkir að viðkomandi setning hafi ekki verið prófuð í rannsókninni og það sama gildir í töflum 2-10.

Tafla 1:**Nýja þolmyndin - Óbeint andlag í þf./þgf.**

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Það var beðið mig (þf.) að vaska upp.	47%/7%	54%/12%	10%/0%
(b) Það var sagt mér (þgf.) að taka til.	34%/2%	X	40%/0%
(c) Það var strítt honum (þgf.) á hverjum degi.	X	60%/10%	40%/0%

Þó að þátttakendur rannsóknar þeirra Sigríðar og Joan hafi almennt frekar samþykkt setningar með þágufallsögnum er þessu þó öfugt farið þegar skoðaðar eru niðurstöður setninga (a) og (b) í töflu 1. Af niðurstöðunum má sjá að hærra hlutfall þátttakenda í rannsókn þeirra samþykkti setningu (a) sem inniheldur þolfallssögn en setningu (b) sem inniheldur þágufallssögn. Niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins eru svipaðar (setningar (a) og (c)) þó mun fleiri unglingar í Tilbrigðaverkefninu samþykki setningu (c) en þeir sem samþykktu setningu (b) í rannsókn Sigríðar og Joan. Báðar þessar setningar eru með nafnlið í þágufalli. Niðurstöður rannsóknar minnar sýna aftur á móti sömu niðurstöður og rannsókn Sigríðar og Joan sýndi almennt, það er að málhafar samþykki frekar nýju þolmyndina með þágufallssögnum heldur en þolfallssögnum. 40% kvenna í yngri hópnum leyfa setningu (b) og (c) sem báðar innihalda þágufallssögn en aðeins 10% setningu (a) sem inniheldur þolfallssögn. Engar í eldri hópnum samþykkja þessar setningar í nýrri þolmynd. Hlutfall fullorðinna í rannsókn Sigríðar og Joan og í Tilbrigðaverkefninu, sem samþykkir þessar setningar, er á bilinu 2-10%.

Samkvæmt niðurstöðum í töflu 1 er greinilegt að hærra hlutfall yngri málhafa samþykkir setningar í nýrri þolmynd heldur en þeir eldri. Konurnar sem ég athugaði eru allar fullorðnar en á mismunandi aldri. Engin eldri kvennanna samþykkir setningar í nýrri þolmynd en það gera 10-40% yngri kvennanna. Sérstaklega eru það konur fæddar árin 1984-1988 sem samþykkja slíkar setningar eins og sjá má í töflu 7 b. Þetta bendir til þess að málbreytingin sé algengari á meðal yngri málhafa en þeirra eldri.

Setningarnar í töflu 2 eru í nýrri þolmynd en frábrugðnar setningunum í töflu 1 að því leyti að aðalsagnir þeirra taka með sér tvö andlög. Niðurstöðurnar sýna lítinn mun milli setninganna í töflu 1 og setninganna í töflu 2. Eldri konurnar samþykkja almennt ekki

setningarnar en lægra hlutfall þeirra yngri samþykkir setningarnar í töflu 2 en í töflu 1. Ef til vill hefur það einhver áhrif á niðurstöðurnar að aðalsagnirnar taka með sér tvö andlög en ekki eitt líkt og í töflu 1. Í töflu 2 má sjá að lægra hlutfall kvennanna samþykkir setningar með aðalsögninni *senda* sem tekur með sér beint andlag í þolfalli en *kyssa* sem tekur með sér beint andlag í þágufalli. Þessar niðurstöður eru því eins og í töflu 1 þar sem herra hlutfall yngri kvenna samþykkir setningar með þágufallssögn.

Tafla 2

Nýja þolmyndin – tvö andlög

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Það var sent þeim þrjá síðustu gallana (þf.).	X	X	20%/0%
(b) Það var kysst þá rembingskossi (þgf.).	X	X	35%/5%

Meginmunurinn á setningum (a) og (b) í töflu 2 er sá að beina andlagið (*þrjá síðustu gallana*) í setningu (a) er ákveðið en það er óákveðið (*rembingskossi*) í setningu (b). Ef til vill hefur sú staðreynd áhrif á niðurstöðurnar. Annað sem einnig gæti haft áhrif á niðurstöðurnar er það að setning (b) er ef til vill ekki heppileg sem prófsetning þar sem fornafrnið *þá* gæti hugsanlega verið túlkað sem atviksorðið *þá*. Eins og sjá má er ein kona í eldri hópi sem samþykkir setningu (b) í töflu 2 en engin eldri kvennanna samþykkir annars setningar í nýrri þolmynd í töflum 1 og 2. Hugsanlega hefur þessi eina kona og jafnvel einhverjar þeirra yngri mistúlkað setninguna.

Eins og áður var fjallað um leiddu niðurstöður rannsóknar Sigríðar og Joan (2001) í ljós að algengt var að unglingar samþykktu setningar með afturbeygða fornafrninu *síg* og samþykktu þær frekar en setningar í nýrri þolmynd með nafnlið í þolfalli. Fullorðnir voru einnig fjórum sinnum líklegri til að samþykkja slíkar setningar en setningar í nýrri þolmynd. Setningar (a) og (b) í töflu 3 minna á nýju þolmyndina. Þær innihalda skyldubundið afturbeygðar sagnir sem aðeins geta tekið með sér andlög sem vísa til frumlaga.

Tafla 3

Sig í andlagssæti (afturbeygðar sagnir: samsett áhrifslaus sögn)

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
a. Það var haldið sig innandyra út af óveðrinu.	65%/37%	X	65%/35%
b. Svo var bara drifið sig á ball.	67%/40%	76%/44%	85%/70%

Niðurstöður úr rannsókn Sigríðar og Joan eru nær alveg þær sömu niðurstöður mínar í setningu (a) í töflu 3. Það ber þó að hafa í huga að fyrri talan hjá Sigríði og Joan á við unglunga í 10. bekk en konur á aldrinum 20-37 ára í könnun minni. Í setningu (b) eru niðurstöður svipaðar í rannsókn Sigríðar og Joan og Tilbrigðaverkefninu. Athyglisvert er að í Tilbrigðaverkefninu samþykkir mun herra hlutfall fullorðinna setningu (b) í töflu 3 en nýju þolmyndina með nafnlið í þágufalli eða þolfalli, samanber setningarnar í töflu 1. Ástæða þess að herra hlutfall málhafa samþykkir almennt frekar setningar með *sig* en hefðbundnar setningar í nýrri þolmynd er ef til vill sú að aðalsögnin og *sig* eru álitin ein heild og þar af leiðandi eins konar samsett áhrifslaus sögn (Helgi Skúli Kjartansson 1991: 20). Sláandi er hve hátt hlutfall yngri og sérstaklega eldri kvenna samþykkir setningu (b) í töflu 3. Ef niðurstöður athugunar minnar eru bornar saman við niðurstöður rannsóknar Sigríðar og Joan og Tilbrigðaverkefnisins má sjá að fleiri fullorðnir málhafar samþykkja slíkar setningar í könnun minni. Ef til vill eru þessar niðurstöður merki þess að notkun þessarar setningagerðar hefur enn aukist í málinu.

Setningar í töflu 4 eru setningar sem innihalda afturbeygðar sagnir en ekki skyldubundið afturbeygðar líkt og setningarnar í töflu 3. Þær geta þar af leiðandi tekið með sér andlag sem þarf ekki að vísa til frumlags setningarinnar.

Tafla 4

***Sig* í andlagssæti (afturbeygðar sagnir en ekki skyldubundið afturbeygðar)**

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Í gamla daga var bara baðað sig einu sinni í viku.	X	X	75%/40%
(b) Í gamla daga var oft rakað sig með hnífi.	X	X	45%/35%

Niðurstöður í töflu 4 sýna að svipað hlutfall eldri kvenna samþykkir báðar setningarnar en samt sem áður er þó nokkur munur á yngri hópnum þar sem fleiri virðast samþykkja setningu (a) en setningu (b). Niðurstöður fyrir setningu (a) eru svipaðar og niðurstöðurnar fyrir setningar (a) í töflu 3 sem getur ef til vill útskýrt þennan mun að einhverju leyti. Ef til vill túlka málhafarnir *sig* og sögnina *baða* sem eina heild, samanber *halda sig* í setningu (a) í töflu 3 en ekki sögnina *raka* og *sig*. *Sig* með sögninni *raka* virðist því samkvæmt þessum niðurstöðum vera sjálfstæðari nafnliður en með sögninni *baða*. Samt sem áður eru þetta einungis getgátur sem þyrfti að rannsaka nánar. Sigríður og Joan telja niðurstöður rannsóknar sinnar benda til þess að hugsanlegt sé að nýja þolmyndin með *sig* sé

eldri og hafi þróast lengur í máli Íslendinga en hin hefðbundna nýja þolmynd (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 170). Niðurstöður rannsóknar minnar sem birtar eru í töflum 3 og 4 benda til hins sama.

Setningarnar í töflu 5 innihalda afturbeygða fornafrnið *sig* í andlagssæti og afturbeygðar sagnir sem taka með sér tvö andlög. Setningar (a), (b) og (c) eru í nýrri þolmynd en setning (d) er þolmyndarsetning með lepp.

Tafla 5

Sig í andlagssæti (afturbeygðar sagnir sem taka tvö andlög)

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Það var keypt sér nýjan bíl.	X	X	40%/0%
(b) Á barnum var fengið sér sinn fyrsta bjór.	X	X	35%/5%
(c) Það var auðvitað fengið sér hamborgara.	X	74%/34%	60%/35%
(d) Það var heill hellingur gerður sér til gamans.	X	X	85%/50%

Eins og sjá má voru niðurstöður rannsóknarinnar mismunandi þegar kom að setningum með *sig* í andlagssæti. Flestar samþykkja setningu (d) sem kemur ekki á óvart þar sem hún er þolmyndarsetning með lepp. Samt sem áður samþykkir aðeins helmingur eldri hópsins setninguna sem er líklega vegna þess að *sig* vísar ekki til neins innan setningarinnar. Svipað hlutfall yngri kvenna samþykkir setningar (a) og (b) en eins og búast má við af fyrri niðurstöðum samþykkir nánast engin eldri kvennanna setningarnar. Niðurstöður setningar (c) koma á óvart þar sem mun hærra hlutfall beggja hópa samþykkir hana. Niðurstöðurnar eru svipaðar niðurstöðum Tilbrigðaverkefnisins. Það eina sem greinir setningu (c) frá setningum (a) og (b) er atviksorðið *auðvitað*. Hugsanlega gerir *auðvitað* setninguna eðlilegri í huga málhafanna og þar af leiðandi eru fleiri sem samþykkja hana.

Setningunum í töflu 6 svipar til nýju þolmyndarinnar. Þær innihalda samsetta afturbeygða fornafrnið *sjálfan sig* en ekkert sjáanlegt frumlag.

Tafla 6

Samsett afturbeygð fornöfn (*sjálfan sig*)

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Sumt er bara gert fyrir sjálfa sig.	X	X	40%/60%
(b) Það var horft á sjálfan sig í speglinum.	48%/34%	X	45%/35%

Eins og sjá má í setningu (b) eru niðurstöður mínar og Sigríðar og Joan nær alveg þær sömu nema hvað hóparnir sem prófaðir voru eru ekki alveg sambærilegir. Yngri hópur fullorðinna kvenna í minni athugun hegðar sér nær alveg eins og unglíngarnir í könnun Sigríðar og Joan og eldri hópur kvennanna eins og fullorðnu þátttakendurnir í þeirra könnun. Sigríður og Joan komust að því að nokkuð hátt hlutfall fullorðinna samþykkti setningar á borð við (a) og (b) í töflu 6. Þær telja að ástæðan sé, eins og rætt var um fyrr í kaflanum, að fullorðnir líkt og unglíngar túlki slíkar setningar líkt og um germynd sé að ræða. Þar af leiðandi telji málfhafarnir setningarnar hafa hulið frumlag sem afturbeygða fornafrnið vísi til (Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling 2001: 165). Það sem kemur á óvart í niðurstöðum mínum er sú staðreynd að hærra hlutfall eldri kvenna samþykkir setningu (a) en þær yngri. Munur er á niðurstöðum setninganna tveggja, sérstaklega í eldri hópnunum sem samþykkir frekar setningu (a) en (b). Setning (a) er líkari orðtaki en setning (b) og það getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Annað sem gæti haft áhrif er að þar sem einungis kvenmenn mátu setningarnar í könnun minni væri niðurstæðan ef til vill önnur ef afturbeygða fornafrnið í setningu (b) væri í kvenkyni, það er *sjálfa sig* en ekki í karlkyni, samanber *sjálfan sig*.

Setningarnar í töflu 7 a innihalda allar afturbeygð eignarfornöfn sem ættu, samkvæmt kenningu Sigríðar og Joan, að vísa til hins ótilgreinda frumlags setningarinnar. Setning (a) er ópersónuleg þolmyndarsetning en setningar (b), (c) og (d) eru dæmi um nýju þolmyndina.

Tafla 7 a

Samsett afturbeygð fornöfn (afturbeygð eignarfornöfn)

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
a. Það var haldið með sínu liði.	49%/36%	X	50%/45%
b. Það var lýst draumum sínum í smáatriðum.	X	X	35%/5%
c. Í gær var óvart skilið lyklana sína eftir heima.	X	X	30%/0%
d. Það er sjaldan sagt sína skoðun á ástandinu í þjóðfélaginu.	X	X	50%/25%

Niðurstöður Sigríðar og Joan (2001) leiddu í ljós svipaðar niðurstöður fyrir setningu (a) í töflu 7 a og setningu (b) í töflu 3 sem þær telja benda til þess að sumir málfhafar leyfi afturbeygðum eignarfornöfnum að vísa til hulins nafnliðar í frumlagssæti. Þessar setningar hafi þar af leiðandi formgerð germyndarsetninga í máli sumra málfhafa. Niðurstöður rannsóknar minnar á setningu (a) benda til hins sama. Eins og sjá má er algengara að yngri konur samþykki

setningarnar en þær eldri. Í mörgum tilfellum meðal þeirra yngri, sérstaklega kvenna fæddra 1984-1988, eru það sömu málfhafarnir sem samþykkja nýju þolmyndina með þágufallssögn, samanber (b) og (c) í töflu 1 og setningar (b) og (d) í töflu 7 a. Tafla 7 b sýnir þetta:

Tafla 7 b

Tafla 1 (b) Það var sagt mér að taka til = 1 (b)

Tafla 1 (c) Það var strítt honum á hverjum degi = 1 (c)

Tafla 7 (b) Það var lýst draumum sínum í smáatriðum = 7 (b)

Tafla 7 (d) Það er sjaldan sagt sína skoðun á ástandinu í þjóðfélaginu = 7 (d)

Fæðingarár 1988 – Samþykkir setningu 7 (b)

Fæðingarár 1988 – Samþykkir setningu 7 (b)

Fæðingarár 1987 – Samþykkir setningar 1 (b) - 1 (c) - 7 (b) - 7 (d)

Fæðingarár 1987 – Samþykkir setningar 1 (b) - 1 (c) - 7 (b) - 7 (d)

Fæðingarár 1987 – Samþykkir setningar 1 (c) - 7 (b) - 7 (c)

Fæðingarár 1987 – Samþykkir setningar 1 (b) - 1 (c) - 7 (d)

Fæðingarár 1987 – Samþykkir setningar 7 (b) - 7 (d)

Fæðingarár 1986 – Samþykkir setningar 1 (b) - 1 (c) - 7 (d)

Fæðingarár 1986 – Samþykkir setningar 1 (b) - 7 (d)

Fæðingarár 1985 – Samþykkir setningar 1 (b) - 1 (c) - 7 (d)

Fæðingarár 1984 – Samþykkir setningar 1 (b) - 1 (c) - 7 (d)

Fæðingarár 1977 – Samþykkir setningu 7 (d)

Fæðingarár 1975 – Samþykkir setningar 7 (b) – 7 (d)

Engin í eldri hópnum samþykkir setningu (c) og aðeins ein setningu (b) í töflu 7 a sem eru augljóslega í nýrri þolmynd. Sú niðurstaða kemur ekki á óvart þar sem eldri hópurinn samþykkir almennt engar slíkar setningar eins og sjá má í töflum 1 og 2. Annað sem vekur athygli er að fjórðungur eldri kvenna samþykkir setningu (d) sem er augljóslega ný þolmynd. Þessar niðurstöður vekja upp spurningar þar sem engar þeirra eldri samþykkja hefðbundnar setningar í nýrri þolmynd. Setning (d) sker sig frá hinum að því leyti að nafnliður hennar er mjög langur og þungur, samanber *sína skoðun á ástandinu í þjóðfélaginu*. Slíkar setningar koma hugsanlega betur út í rannsóknum þar sem þungir nafnliðir draga athygli frá setningunni í heild (Þórhallur Eyþórsson 2008: 182).

Setningarnar í töflu 8 innihalda flestar afturbeygða eignarfornafnið *sinn*. Setning (d) var ekki prófuð í rannsókn minni en ég ákvað hafa hana með í töflunni til samanburðar við hinar setningarnar. Setningin sem er í nýrri þolmynd með afturbeygt eignarfornafn var prófuð í rannsókn þeirra Sigríðar og Joan (2001) og sýndu niðurstöður hennar að fullorðnir samþykkja ekki þessa setningu enda er hún í nýrri þolmynd en 10% unglunga vestan Elliðaáa og 32% unglunga annars staðar á landinu samþykktu setninguna. Setning (a) er hefðbundin þolmyndarsetning sem inniheldur ekki afturbeygt eignarfornafn. Setning (b) er einnig hefðbundin þolmyndarsetning nema hvað að hún inniheldur afturbeygt eignarfornafn sem vísar ekki til neins innan setningarinnar. Setningar (c) og (d) eru báðar í nýrri þolmynd og innihalda, líkt og setning (b), afturbeygt eignarfornafn sem vísar ekki til neins innan setningarinnar.

Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Þórhallur Eypórsson (2008) telja setningar eins og (b) eðlilegar þó afturbeygða fornafrnið vísi ekki til neins innan setningarinnar. Þeir telja fornafrnið vísa til einhvers í undanfarandi setningum og þar af leiðandi séu slíkar þolmyndarsetningar eðlilegar að mati margra málhafa.

Tafla 8

Samsett afturbeygd fornöfn (afturbeygd eignarfornöfn) „Tölvupóstsetningar“

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Á kvöldin var skoðaður tölvupóstur frá nemendunum.	X	X	90%/95%
(b) Á kvöldin var skoðaður tölvupóstur frá börnunum sínum.	X	X	30%/45%
(c) Á kvöldin var skoðað tölvupóstinn frá börnunum sínum.	X	X	10%/0%
(d) Á kvöldin var skoðað tölvupóstinn sinn (JM/SS)	10%/2%	X	X

Niðurstöður athugunar minnar sýna að innan við helmingur þátttakenda samþykkir setningu (b) þó hún sé að öllu leyti eðlileg nema fyrir þær sakir að hún inniheldur afturbeygt eignarfornafn sem vísar ekki til neins innan setningarinnar. Þátttakendur samþykkja almennt ekki setningu (c) sem augljóslega er í nýrri þolmynd. Niðurstöður rannsóknar minnar á setningu (c) og rannsóknar Sigríðar og Joan á setningu (d) eru nánast þær sömu. Mjög fáir málhafar samþykkja setningar í nýrri þolmynd með afturbeygðu eignarfornafni. Ef kenning Sigríðar og Joan er rétt ættu þeir sem samþykkja nýja þolmynd almennt einnig að samþykkja setningar eins og (c) og (d) í töflu 8 þar sem þær hefðu þá formgerð germyndar með hulið frumlag sem afturbeygd eignarfornöfn ættu að geta vísað til. Niðurstöður mínar sýna að 2 af

þeim um það bil 8 yngri konum sem almennt samþykkja setningar í nýju þolmyndinni samþykkja setningu (c).

Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Þórhallur Eypórsson (2008) telja að setningar eins og (c) og (d) í töflu 8 geti ekki sannað eða afsannað þá kenningu Sigríðar og Joan að nýja þolmyndin innihaldi hulið frumlag og sé þar af leiðandi ný ópersónuleg germynd í málinu. Þeir telja að málhöfum finnist setningar eins og (b) eðlilegar í málinu þó afturbeygða eignarfornafnið vísi ekki til neins innan þeirra. Þar af leiðandi telja þeir setningar eins og (c) og (d) ekki geta varpað ljósi á kenningu þeirra (Jóhannes Gísli Jónsson 2009: 14). Niðurstöðurnar í töflu 8 sýna að innan við helmingur þátttakenda í minni könnun samþykkir setningu (b) sem Jóhannes lagði til að prófuð yrði en það er töluvert hærra hlutfall en samþykkir setningar í nýrri þolmynd með afturbeygðum eignarfornöfnum, það er setningar (c) og (d).

Spurningarsetningin í töflu 9 er í nýrri þolmynd og inniheldur aðalsögn sem tekur með sér tvö andlög. Hún var prófuð til þess að kanna hvort einhver munur væri á spurnarsetningum í nýrri þolmynd og hefðbundnum setningum í nýrri þolmynd.

Tafla 9

Spurnarsetning – nýja þolmyndin með tvö andlög

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?	X	59%/19%	40%/15%

Niðurstöðurnar koma ekki á óvart og svipar þeim til niðurstaða á nýju þolmyndinni sem sjá má í töflum 1 og 2. Þó er aðeins algengara að konur í eldri hópnum samþykki setninguna í töflu 9 en setningarnar í töflum 1 og 2. Það sama gildir um niðurstöður Tilbrigðaverkefnisins. Þessar niðurstöður benda til þess að algengara sé að spurnarsetningar í nýrri þolmynd með tvö andlög séu leyfðar en aðrar setningar í nýrri þolmynd.

Í setningunum í töflu 10 er verið að prófa hvort hamla ákveðins nafnliðar sé í gildi hjá málhöfum. Allar setningarnar eru í germynd og innihalda leppinn *það* nema setning (a) sem er ekki leppsetning. Setning (b) inniheldur ákveðna frumlagið *mýsna* og setning (c) inniheldur ákveðna frumlagið *björgunarbatúrinn*. Eins og fjallað var um í kafla 3.1 kveður hamla ákveðins nafnliðar á um að frumlög leppsetninga verði að vera óákveðin. Þar af leiðandi er hamla ákveðins nafnliðar brotin í setningum (b) og (c). Í setningu (d) er hamla ákveðins

nafnliðar ekki brotin þar sem nafnliðurinn *nokkrir strákar* er óákveðinn. Þessi nafnliður stendur þó á eftir lýsingarhætti þátíðar aðalsagnarinnar sem er ekki eins vel séð af málhöfum og þegar nafnliðurinn kemur á undan lýsingarhætti þátíðar aðalsagnarinnar (sbr. Þórhall Eyþórsson 2008).

Tafla 10

Hamla ákveðins nafnliðar

	JM/SS	Tilbr.v.	ASS
(a) Konan var alveg brjáluð. Hundarnir höfðu komist í ruslið í gærkvöldi.	X	X	100%/100%
(b) Amma var orðin þreytt á músaganginum. Það höfðu komist mýsnar í ostinn einu sinni enn.	X	X	0%/15%
(c) Björgunaraðgerðirnar gengu illa. Það hafði meira að segja sokkið björgunarbáturinn.	X	X	20%/30%
(d) Það hafa komið nokkrir strákar of seint í skólann í allan vetur.	X	X	45%/45%

Niðurstöður setninganna í töflu 10 benda til þess að hamla ákveðins nafnliðar sé enn í fullu gildi hjá þeim sem ég prófaði. Það sem kemur á óvart í niðurstöðunum er það að herra hlutfall eldri kvenna en yngri samþykkir setningar (b) og (c) þar sem reglan um hömlu ákveðins nafnliðar er brotin. Niðurstaðan kemur á óvart vegna þess að líklegra ætti að vera að málhafar sem samþykkja setningar í nýrri þolmynd samþykki setningar þar sem reglan um hömlu ákveðins nafnliðar er brotin. Aðeins tæplega helmingur málfafa beggja flokka samþykkir setningu (d) sem kemur einnig á óvart. Allar samþykkja setningu (a) sem er venjuleg germyndarsetning.

Niðurstöður setninga (b) og (c) sýna að fleiri samþykkja setningu (c) en (b). Ástæða þess gæti hugsanlega legið í því að í setningu (b) er nafnliðurinn *mýsnar* eins í nefnifalli og þolfalli en í setningu (c) er augljóst að nafnliðurinn *björgunarbáturinn* er í nefnifalli. Staðsetning óákveðna nafnliðarins *nokkrir strákar* innan setningar (d) gæti verið ástæða þess að aðeins helmingur þátttakenda samþykki hana. Almennt finnst málhöfum eðlilegra að frumlög standi fyrir framan aðalsagnir en fyrir aftan þær eins og raunin er í setningu (d) (Þórhallur Eyþórsson 2008: 179-180).

Sú niðurstaða að nokkrar konur í eldri hópnum, sem almennt samþykkja ekki setningar

í nýrri þolmynd, en samþykkja setningar á borð við (b) og (c) í töflu 10 gæti bent til þess að eitthvað við prófið hafi truflað þátttakendur. Ef til vill hafa verið of fáar setningar á prófinu sem þessar konur gátu samþykkt sem hafi leitt til þess að þær samþykktu setningar (b) og (c) sem eru ekki í nýrri þolmynd en samt heldur ekki alveg í lagi. Það eru þó mjög fáar konur sem samþykkja þessar setningar og þar af leiðandi hægt er að draga þá ályktun að hamla ákveðins nafnliðar sé enn í fullu gildi.

Niðurstöður rannsóknar minnar sýna að nýja þolmyndin virðist vera að festa sig í sessi í máli fullorðinna málhafa sem eru tiltölulega ungir að árum. Eins og niðurstöður mínar og niðurstöður rannsóknar Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling sýna er algengara að málhafar samþykki setningar í nýrri þolmynd ef þær innihalda afturbeygða fornafnið *sig* en aðra nafnliði. Þar að auki er heldur algengara að setningar í nýrri þolmynd með nafnlið í þágufalli séu samþykktar en með nafnlið í þolfalli. Það sem kemur á óvart í rannsókninni er að yngri málhafar yngri hópsins, konur fæddar 1984-1988, samþykkja almennt allar setningar í nýrri þolmynd með nafnlið í þágufalli eins og sjá má í töflu 7 b. Sú kenning Jóhannesar Gísla Jónssonar (2009) að málhafar samþykki almennt setningar með afturbeygða eignarforanafninu *sinn* í hefðbundnum þolmyndarsetningum með lepp (sjá setningu (b) í töflu 8) þó það vísi ekki til neins innan setningarinnar virðist að einhverju leyti eiga við rök að styðjast. 30-45% þátttakenda samþykkir slíka setningu. Aðeins 2 af þeim 8 yngri konum (fæddar 1984-1988) sem prófaðar voru samþykkja hins vegar setningu (c) í töflu 8 sem er í nýrri þolmynd með afturbeygða eignarforanafninu *sinn*. Samkvæmt kenningu Sigríðar og Joan (2001) ættu þeir málhafar sem samþykkja setningar í nýrri þolmynd einnig að samþykkja svona setningar ef nýja þolmyndin hefur formgerð germyndar með hulið fornafn í frumlagssæti. Loks virðist hamla ákveðins nafnliðar almennt vera í fullu gildi meðal málhafa þótt þeir samþykki setningar í nýrri þolmynd. Ekki verður tekin afstaða til þess hvort formgerð nýju þolmyndarinnar sé formgerð nýrrar ópersónulegrar germyndar eða þolmyndar án nafnliðarfærslu í frumlagssæti. Þess ber einnig að geta að hugsanlegar ástæður niðurstaðanna eru oft og tíðum aðeins getgátur og ber að rannsaka nánar.

6. Lokaorð

Öll tungumál breytast og íslensk tunga líka þó hún hafi ekki breyst mikið í aldanna rás. Miklar breytingar hafa orðið í þjóðfélaginu á undanförunum áratugum og virðast þær stuðla að því að málbreytingar eiga mun auðveldar uppdráttar en áður. Börn eyða fyrstu árunum nánast undantekningalaust á leikskóla með öðrum börnum en eins og alkunnugt er mótast málið mest á fyrstu árum lífsins. Þar af leiðandi eru börn mjög móttækileg fyrir alls kyns breytingum í málinu. Ýmsar nýjar málbreytingar hafa skotið upp kollinum samfara örum breytingum þjóðfélagsins og ljóst er að lítið er hægt að gera til að sporna við þeim.

Líkt og fyrri rannsóknir bendir athugun mín til þess að nýja þolmyndin sé að ryðja sér rúms í máli Íslendinga og niðurstöður mínar benda til að hún sé að aukast meðal fullorðinna, sérstaklega þeirra sem eru ungir að árum (fæddir 1984-1988). Fullorðnir málhafar, um fimmtugt og eldri, virðast þó ekki samþykkja setningar í nýrri þolmynd heldur aðallega setningar sem innihalda afturbeygð fornöfn. Hvort nýja þolmyndin sé ný ópersónuleg germynd í málinu eða þolmynd er enn óljóst og ljóst er að prófa þarf fleiri yngri málhafa til að varpa ljósi á það atriði. Meginniðurstaða ritgerðarinnar er sú að nýja þolmyndin er að sækja í sig veðrið í máli ungra fullorðinna málhafa sem bendir til þess að málbreytingar eigi mjög auðvelt uppdráttar í íslensku samfélagi í dag.

Heimildaskrá

- [Án höfundar]. Íslensk málnefnd. 2009. Sótt 17. júlí 2009 af <http://www.ismal.hi.is/malnefnd.html>
- [Án höfundar]. 2008. *Íslenska til alls. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. Þágufallssýki: breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál og almenn málfræði 4: 19-62*.
- Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir. 1996. Breytileiki í máli. *Erindi um íslenskt mál*. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson, Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson. 1988. *Mál og samfélag – Um málnotkun og málstefnu*. Iðunn, Reykjavík.
- Fromkin, Victoria, Rodman, Robert and Hyams, Nina M. 2006. *An Introduction to Language*. Thomson Learning, London.
- Guðrún Kvaran. 2005. Orð, handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði. *Íslensk tunga 2. bindi*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Þórðardóttir. 2006. Er notkun viðtengingarháttar að breytast? *Íslenskt mál og almenn málfræði, 28: 57-77*.
- Halldór Halldórsson. 1971. Nýyrði frá síðari öldum. *Íslensk málrækt: erindi og ritgerðir*. Baldur Jónsson sá um útgáfuna. Hlaðbúð, Reykjavík.
- Haraldur Bernharðsson 2005. Ég er, ég vill og ég fær: þáttur úr beygingarsögu eintölu framsöguháttar nútíðar. *Íslenskt mál og almenn málfræði, 27: 63-101*.
- Helgi Guðmundsson. 1977. Um ytri aðstæður íslenskrar málþróunar. *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977 1: 314-25*.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. *Íslenskt mál og almenn málfræði 1: 88-95*.
- _____. 1991. Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma – mál gagn móðurmálskennara 14 (1): 18-22*.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- _____ og Indriði Gíslason. 1998. *Handbók um íslenskan framburð*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- _____. 1999. *Íslensk setningafræði*. 6. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands,

- Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. Setningar, handbók um setningafræði. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. *Íslensk tunga 3. bindi*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- _____. 2005-2007. „Tilbrigði í setningagerð“. Öndvegisverkefni styrkt af Rannís, Reykjavík.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. The new impersonal as a true passive. Advances in Comparative Germanic Syntax. Ritstjórar: A. Alexiadou, J. Hankamer, T. McFadden, J. Nüger og F. Schafer, bls. 281-306. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia.
- _____ og Þórhallur Eypórsson. 2003. Breytingar á frumlagsfalli í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði 25: 7-40*.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. Íslensk málhreinsun – sögulegt yfirlit. *Rit Íslenskrar málnefndar 6*. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. Hljóð, handbók um hljóðkerfisfræði og hljókerfisfræði. Meðhöfundur: Jörgen Pind. *Íslensk tunga 1. bindi*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Maling, Joan. 1993. Unpassives of Unaccusitives. Óbirtur fyrirlestur fluttur við Háskólann í Irvine, Massachusettsháskóla í Amherst, Háskólann í Helsinki og Háskóla Íslands.
- Matthías Johannessen. 1985. Menning og málbreytingar. *Skíma – málgagn móðurmálskennara 8 (1): 24-26*.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Ný setningarfræðileg breyting?: um hina svokölluðu „nýju þolmynd“ í íslensku. *Málfregni 11: 31-42*.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Það var hrint mér á leiðinni í skólann. Þolmynd eða ekki þolmynd? *Íslenskt mál 23: 123-180*.
- Theodóra A. Torfadóttir. 2008. *Enn erum við að sjá breytingar – Rannsókn á hlutverki og þróun sagnasambandsins vera að og nh. í íslensku*. Fyrirlestur á hugvísindapingi, 4. apríl 2008.
- Þórhallur Eypórsson. 2008. The new passive in Icelandic really is a passive. *Grammatical change and linguistic theory: The Rosendal papers: 173-219*. Ritstjóri: Þórhallur Eypórsson. J. Benjamins Publishing, Amsterdam.
- Þórunn Blöndal. 1997. *Almenn málfræði*. Mál og menning, Reykjavík.

Viðauki 1

Könnun á málfræði

Markmið þessarar könnunar er að kanna tilbrigði í setningagerð í íslensku. Hér er einungis verið að kanna hvað þátttakendum þykir **eðlilegt** að segja. Þetta er ekki próf. Könnunin er hluti af ritgerð undirritaðrar til BA-prófs í íslensku.

Í könnuninni áttu að meta mismunandi setningar og merkja annað hvort við *já* eða *nei*.

Já = Svona getur maður sagt!

Nei = Svona getur maður **ekki** sagt!

Athugaðu að þessi könnun er nafnlaus og þar af leiðandi kemur nafn þitt hvergi fram í því sem kann að vera birt um könnunina.

Takk fyrir að taka þátt í könnuninni!

Kær kveðja,

Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Almennar upplýsingar:

Prófdagur: _____

Fæðingarár: _____

Móðurmál: _____

Ég hef búið mestan hluta ævinnar á/í _____

Menntun (setjið X í viðeigandi reit):

Gagnfræðapróf eða skyldunám:

Nám á framhaldsskólastigi (verslunarpróf, stúdentspróf, verknám, listnám o.s.frv.):

Nám á háskólastigi:

Leiðbeiningar: Settu X í viðeigandi dálk.

Já = Svona getur maður sagt!

Nei = Svona getur maður **ekki** sagt!

	Já	Nei
1. Inga notar aldrei hnífapör.		
2. Í gærkvöldi rigndi það.		
3. Það var beðið mig að vaska upp.		
4. Á barnum var fengið sér sinn fyrsta bjór.		
5. Það var haldið sig innandyra út af óveðrinu.		
6. Sumt er bara gert fyrir sjálfa sig.		
7. Það var sent þeim síðustu þrjá gallana.		
8. Síðustu dagana kennarinn var veikur.		
9. Ferðamaðurinn missteig sig í hrauninu.		
10. Það var haldið með sínu liði.		
11. Á kvöldin var skoðaður tölvupóstur frá börnunum sínum.		
12. Í gær var óvart skilið lyklana sína eftir heima.		
13. Í gamla daga var bara baðað sig einu sinni í viku.		
14. Það var heill hellingur gerður sér til gamans.		
15. Hún er óhrædd við að segja sína skoðun.		
16. Steinninn valt niður brekkuna.		
17. Það var hrint strák í leikfimi í gær.		
18. Það var auðvitað fengið sér hamborgara.		
19. Björk langar í ís. Ég vill ekki hann.		
20. Það var sagt mér að taka til.		
21. Svo var bara drifið sig á ball.		
22. Í gamla daga var oft rakað sig með hnífi.		
23. Það var keypt sér nýjan bíl.		
24. Nefndin hittist tvisvar á ári.		
25. Það rignir oft í Reykjavík.		
26. Á kvöldin var skoðað tölvupóstinn frá börnunum sínum.		

27. Það var lýst draumum sínum í smáatriðum.		
28. Ólafur mætti illa. Hann var rekinn úr skólanum.		
29. Það var beðið mig að vaska upp.		
30. Hún kom á bílnum sínum í vinnuna.		
31. Amma var orðin leið á músaganginum. Það höfðu komist mýsnar í ostinn einu sinni enn.		
32. Það var auðvitað gert sitt besta á prófinu.		
33. Það var lamin stelpa í skólanum í dag.		
34. Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?		
35. Haraldur var veikur í gær. Hann er ennþá veikt.		
36. Það var kysst þá rembingkossi.		
37. Það var horft á sjálfan sig í speglinum.		
38. Það er sjaldan sagt sína skoðun á ástandinu í þjóðfélaginu.		
39. Þá sagði hann mér frá hugmyndum sínum.		
40. Á kvöldin var skoðaður tölvupóstur frá nemendunum.		
41. Það var strítt honum á hverjum degi.		
42. Konan var alveg brjáluð. Hundarnir höfðu komist í ruslið í gærkvöldi.		
43. Fyrirtækinu bárust þrjár umsóknir um starfið.		
44. Björgunaraðgerðirnar gengu illa. Það hafði meira að segja sokkið björgunarbáturinn.		
45. Það hafa komið nokkrir strákar of seint í skólann í allan vetur.		
46. Strákarnir eru skemmtilegir, en Siggi er svolítið þreytandi.		
47. Jón nennti ekki að mæta í vinnuna. Honum var sagt upp af forstjóranum.		

Niðurstöður rannsóknar yngri hóps reykvískra kvenna fæddra 1972-1988

- **2 hafa gagnfræðapróf**
- **13 hafa stundað nám á framhaldsskólastigi**
- **5 hafa stundað nám á háskólastigi**

Fæðingarár - Nám

1972 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 14, 15, 16, 24, 25, 28, 30, 33, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1974 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 13, 14, 15, 16, 18, 19, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 32, 33, 34, 36, 39, 40, 42, 43, 44, 45, 46, 47

1975 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 6, 9, 10, 11, 13, 14, 15, 16, 17, 21, 22, 24, 25, 27, 28, 29, 30, 34, 38, 39, 40, 42, 43, 44, 46, 47

1975 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 14, 15, 16, 24, 25, 28, 30, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1976 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 15, 16, 24, 25, 28, 30, 40, 42, 43, 46

1977 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 9, 14, 15, 16, 21, 24, 25, 28, 30, 39, 42, 43, 44, 46, 47

1977 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 9, 11, 13, 14, 15, 16, 17, 21, 22, 24, 25, 28, 29, 30, 33, 38, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1979 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 9, 10, 14, 15, 16, 21, 24, 25, 28, 30, 32, 33, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1984 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 13, 14, 15, 16, 18, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 28, 30, 32, 33, 34, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 45, 46, 47

1985 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 6, 7, 9, 10, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 28, 29, 30, 32, 33, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 45, 46, 47

1986 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 9, 10, 11, 13, 14, 15, 16, 19, 21, 24, 25, 28, 30, 33, 34, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1986 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 3, 5, 7, 9, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 28, 29, 30, 32, 33, 34, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 46, 47

1986 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 7, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 23, 24, 25, 28, 29, 30, 32, 34, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 47

1987 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 9, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 28, 29, 30, 32, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 45, 47

1987 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 7, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 23, 24, 25, 27, 28, 29, 30, 32, 33, 34, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 45, 46, 47

1987 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 9, 11, 13, 14, 15, 16, 18, 21, 24, 25, 27, 28, 30, 32, 33, 37, 38, 39, 40, 42, 43, 45, 46, 47

1987 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 3, 5, 7, 8, 9, 12, 13, 15, 16, 17, 18, 20, 21, 23, 24, 25, 27, 28, 29, 30, 32, 33, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 45, 46, 47

1987 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 6, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 21, 22, 23, 24, 25, 27, 28, 29, 30, 32, 33, 34, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 46

1988 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 9, 10, 13, 14, 15, 17, 18, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 30, 32, 36, 37, 39, 42, 43, 46, 47

1988 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 6, 9, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 21, 24, 25, 27, 28, 30, 32, 37, 39, 40, 42, 45, 46, 47

Niðurstöður rannsóknar yngri hóps reykvískra kvenna fæddra 1946-1960

- **5 hafa gagnfræðapróf**
- **9 hafa stundað nám á framhaldsskólastigi**
- **6 hafa stundað nám á háskólastigi**

Fæðingarár - Nám

1946 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 6, 9, 11, 14, 15, 16, 24, 25, 28, 30, 37, 39, 40, 42, 43, 44, 45, 46, 47

1946 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 9, 14, 15, 16, 21, 24, 25, 28, 30, 37, 39, 40, 42, 43, 44, 46

1948 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 15, 16, 25, 28, 30, 39, 40, 42, 43, 46

1948 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 6, 9, 13, 15, 16, 19, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 39, 40, 42, 44, 46

1948 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 9, 13, 15, 16, 18, 21, 24, 25, 28, 30, 31, 32, 33, 39, 42, 43, 45, 46

1950 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 9, 10, 14, 15, 16, 21, 24, 25, 28, 30, 39, 40, 42, 43, 46

1951 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 14, 15, 16, 17, 19, 24, 25, 28, 30, 33, 37, 39, 40, 42, 43, 45, 46, 47

1952 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 6, 9, 10, 11, 13, 15, 16, 18, 19, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 31, 36, 38, 39, 40, 42, 43, 45, 46, 47

1952 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 4, 5, 6, 9, 10, 11, 14, 15, 16, 21, 24, 25, 27, 28, 30, 32, 33, 35, 37, 39, 40, 42, 43, 45, 46, 47

1953 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 6, 9, 10, 11, 14, 15, 16, 19, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 32, 37, 39, 40, 42, 43, 45, 46, 47

1953 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 9, 10, 11, 13, 15, 16, 18, 19, 21, 24, 25, 28, 30, 31, 32, 33, 34, 38, 39, 40, 42, 43, 45, 46, 47

1953 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 10, 15, 16, 24, 25, 28, 30, 33, 39, 40, 42, 43, 46

1953 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 9, 10, 11, 13, 15, 16, 18, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 32, 37, 38, 40, 42, 43, 46

1953 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 15, 16, 21, 22, 24, 25, 38, 30, 39, 40, 42, 43

1953 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 9, 10, 11, 13, 15, 16, 18, 24, 25, 28, 30, 32, 33, 38, 39, 40, 42, 43, 44, 45, 46, 47

1954 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 9, 14, 15, 16, 18, 19, 21, 24, 25, 28, 30, 32, 33, 34, 35, 37, 38, 39, 40, 42, 43, 44, 46, 47

1956 – Gagnfræðapróf

Samþykkir setningar: 1, 6, 9, 11, 14, 15, 16, 18, 21, 24, 25, 28, 30, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1957 – Nám á framhaldsskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 9, 14, 16, 24, 25, 28, 30, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1957 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 6, 9, 10, 13, 14, 15, 16, 19, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 34, 39, 40, 42, 43, 46, 47

1960 – Nám á háskólastigi

Samþykkir setningar: 1, 5, 6, 9, 11, 13, 14, 15, 16, 21, 22, 24, 25, 28, 30, 33, 39, 40, 42, 43, 44, 45, 46, 47